

Háskólinn á Akureyri  
Kennaradeild–leikskólabraut  
2008

# **Leikskólinn í fjölmenningsarsamfélagi**

**Viðhorf erlendra foreldra og leikskólastjórnenda  
til samstarfs og samskipta**

Þorbjörg Margrét Guðnadóttir  
Lokaverkefni í kennaradeild

Háskólinn á Akureyri  
Kennaradeild–leikskólabraut  
2008

# **Leikskólinn í fjölmenningsarsamfélagi**

**Viðhorf erlendra foreldra og leikskólastjórnenda  
til samstarfs og samskipta**

Þorbjörg Margrét Guðnadóttir  
Lokaverkefni til 90 eininga B.Ed.–prófs í kennaradeild  
Leiðsögukennari Bragi Guðmundsson

Ég lýsi því hér með yfir að ég ein er höfundur þessa verkefnis og að það er ágóði eigin rannsókna.

---

Þorbjörg Margrét Guðnadóttir

Það staðfestist hér með að lokaverkefni þetta fullnægir að mínum dómi kröfum til B.Ed.-prófs í kennaradeild.

---

Bragi Guðmundsson

## Útdráttur

Lokaverkefnið er til B.Ed.–prófs á leikskólabraut við kennaradeild Háskólans á Akureyri. Verkefnið er um samstarf og samskipti heimila og leikskóla með áherslu á erlendar fjölskyldur. Gerð er grein fyrir fjölmenningslegu samfélagi, sem er þegar einstaklingar af ólíkum uppruna og með mismunandi bakgrunn búa í samfélagi. Skólar í fjölmenningslegum samfélögum þurfa að koma til móts við ólíkar þarfir einstaklinganna og kennarar ættu að fagna margbreytileikanum.

Foreldrasamstarf í leikskóla er veigamikill þáttur leikskólagöngunnar og stuðlar að vellíðan barnanna, foreldranna og kennaranna. Ítarleg umfjöllun er um hvað felst í foreldrastarfinu og hvaða hlutverkum leikskólakennarar og foreldrar gegna í því sambandi. Foreldrar af erlendum uppruna taka síður þátt í starfinu en foreldrar sem tilheyra meirihlutanum. Ástæður þess eru margvíslegar. Til að mynda getur tungumálið verið fyrirstaða, mismunandi áherslur foreldra og leikskóla eða foreldrum er ekki kunnugt um hvers krafist er að þeim. Loks er kynnt tillaga að góðu samstarfi. Tillagan er innlegg í umræðuna og í raun og veru er engin ein leið að samstarfi réttari en önnur.

Tekin eru eigindleg viðtöl við foreldra og stjórnendur þriggja leikskóla í Reykjanesbæ þar sem leitað er svara við tvíþættri rannsóknarspurningu: „Hvernig er samstarfi og samskiptum leikskólans og erlendra fjölskyldna háttað?“ Greint er frá viðhorfum foreldra og stjórnenda og gerður samanburður á viðhorfum hópanna tveggja. Samanburðurinn leiddi í ljós að foreldrar telja samstarf og samskipti með ágætum. Stjórnendum fannst að margt mætti betur fara og að upplýsingar frá heimilum til leikskóla væru oft af skornum skammti. Enginn leikskólanna er með aðgerðaráætlun til hliðsjónar þegar tekið er á móti erlendum fjölskyldum. Stjórnendur eru sammála um mikilvægi þess að hafa túlk í viðtölum en enginn hefur krafist þess í fyrsta viðtali. Menning og trúarbrögð fjölskyldnanna stangast ekki á við starf skólanna. Taka þær þátt í viðburðum innan skólanna og á vegum foreldrafélaganna. Að lokum má nefna að heimaviðtöl hafa ekki tíðkast en stjórnendur vilja kanna kosti þeirra. Foreldrar telja að slík viðtöl væru til hagsbóta fyrir börnin.

## **Abstract**

This is a final thesis for the B.Ed. degree from the Faculty of Education, Pre-School department, at the University of Akureyri. The thesis is on the communication and cooperation of the nursery school and the home – particularly homes with parents of other than Icelandic origin. A multi-cultural community is examined, i.e. a community composed of individuals of different origins and from different backgrounds. The schools of multi-cultural communities must meet various and different needs, and the teachers should be thankful for the variety.

An important part of the pre-school is parent participation, which maintains the well-being of the children as well as that of the parents and teachers. I will examine parent participation in detail and look at the parts played by the parents and teachers. Parents of non-dominant origin participate less than others, for a variety of reasons. The language may be one reason; the different interests of the parents and the pre-school institution may be another and the parents not being familiar with the roles they are to play may be yet another. I will finally introduce a suggestion on how to maintain harmonious cooperation in the pre-school. The suggestion is a contribution to the debate, and in fact there is no single way to ensure proper cooperation.

Parents and the managers of three pre-schools in Reykjanesbaer were interviewed using qualitative methods. The research question is twofold: “How is cooperation and communication between the pre-school and families of foreign origin?” The views of parents and managers are described and their opinions compared. The conclusion of the comparison is that parents think communication and cooperation is excellent, whereas the managers thought that things could be better and the flow of information from the families to the school needed to improve. None of the pre-schools has a definite plan of action to employ when receiving foreign families. The managers agree on the importance of an interpreter during interviews, but not one of them has insisted upon an interpreter being present at the first family interview. The families’ religion and culture do not interfere with pre-school work. They participate in school events, as well as other events organized by the parents’ associations. Finally I’d like to mention that although interviews at home have not been practiced, the managers are interested in studying their benefits. The parents think that interviews at home are very beneficial for the children.

## Efnisyfirlit

1. Inngangur .....	2
2. Fjölmenningsamfélag .....	4
3. Skólar í fjölmenningsamfélagi .....	6
4. Foreldrasamstarf í leikskóla .....	8
4.1 Upphaf samstarfs .....	9
4.2 Aðlögun .....	11
4.3 Daglegt samstarf .....	14
4.3.1 Bókabakpokinn – Tillaga að samstarfi .....	16
5. Fjölmennig í Reykjanesbæ .....	18
5.1 Stefna bæjarins í málum innflytjenda .....	19
5.2 Fjölmennig í leikskólum Reykjanesbæjar .....	20
5.2.1 Viðtal við sérkennslufulltrúa .....	21
6. Viðtöl við foreldra og leikskólastjórnendur .....	23
6.1 Undirbúningur og framkvæmd .....	23
6.2 Erlendir foreldrar .....	24
6.2.1 Bakgrunnur foreldra .....	25
6.2.2 Viðhorf foreldra .....	26
6.3 Stjórnendur í leikskólum .....	31
6.3.1 Bakgrunnur stjórnenda .....	32
6.3.2 Viðhorf stjórnenda .....	32
7. Samanburður á viðhorfum foreldra og leikskólastjórnenda .....	38
8. Lokaorð .....	41
Heimildaskrá .....	44

## 1. Inngangur

Foreldrasamstarf í leikskólum hefur verið mér hugleikið og á sér langa sögu. Í um það bil tvo áratugi hef ég verið virkur þátttakandi í samstarfi heimilis og skóla, bæði sem foreldri og sem leiðbeinandi í leikskóla. Reynsla mín í þessum hlutverkum hefur gert mér ljóst að gott samstarf skiptir sköpum og styrkir og stuðlar að vellíðan allra viðkomandi.

Í Reykjanesbæ hefur fólksfjölgun verið töluverð á síðustu árum og meðal þeirra sem í sveitarfélagið flytja eru margir sem koma frá og eiga uppruna sinn í öðrum löndum og heimsálfum. Sumir hverjir koma í atvinnuleit og staldra mislengi við, aðrir setjast hér að með fjölskyldum sínum og börnum á leikskólaaldri. Mér þykir því forvitnilegt að kanna hvernig samskiptum og samstarfi við erlenda foreldra leikskólabarna er háttað í bænum. Nám mitt á leikskólabrautinni hefur eflt þennan áhuga og ýtt undir gagnrýna hugsun hvað varðar fjölbreytileika fjölskyldna og mikilvægi þess að samskipti séu góð við alla óháð uppruna þeirra. Mér finnst ekki ólíklegt að samskiptaleyfi eða vöntun á samstarfi sé algengara við erlenda foreldra en þá innlendu.

Ég geri ráð fyrir að fjölmening á Íslandi sé komin til að vera og að fjölbreytileiki samfélagsins verði meiri með hverju árinu sem líður. Það kallar á vitundarvakningu innan samfélagsins og þar með talið innan leikskólans, ekki síst í ljósi þess að með góðum samskiptum tel ég líklegt að koma megri í veg fyrir fordóma gegn einstaklingum af erlendum uppruna. Með aukinni þekkingu má gera ráð fyrir að víðsýni aukist og um leið umburðarlyndi fyrir mismunandi menningarheimum og ólíkum bakgrunni einstaklinga.

Í verkefninu geri ég grein fyrir fjölmennningarlegu samfélagi og stefnu Reykjanesbæjar í málum innflytjenda og aflu ég mér upplýsinga hjá sérkennslu-fulltrúa bæjarins um fjölmenningu í leikskólum. Þá skoða ég leiðir að góðu foreldrasamstarfi með áherslu á erlendar fjölskyldur. Rýni ég í ýmsar kenningar og fræði sem lögð hafa verið fram í þessu sambandi. Þá framkvæmi ég eigindlega rannsókn í þeim tilgangi að fá svör við tvíþættri rannsóknarspurningu: „Hvernig er samstarfi og samskiptum leikskólans og erlendra fjölskyldna háttað?“ Spurningin er opin og út frá henni hafa aðrar kviknað, svo sem: „Hvernig er upplýsingaflæði milli leikskóla og heimilis?“ „Færðu túlk í viðtölum?“ Til að fá svör við þessum og fleiri spurningum af sama toga tek ég viðtöl við erlenda foreldra og stjórnendur í

leikskólum. Loks birti ég niðurstöður viðtalanna, legg mat á hvernig samstarfinu er háttað og hvort einhverju sé ábótavant í þeim efnum.



## 2. Fjölmenningsarsamfélag

Í kjölfar örrar tækniþróunar og bættra samgangna hafa tengsl milli íbúa jarðarinnar aukist á síðustu áratugum.<sup>1</sup> Þróun þessi heyrir undir hnattvæðingu sem meðal annars hefur haft í för með sér að sífellt fleiri íbúar jarðarinnar eiga auðveldara með að flytjast milli landa og heimsálfa. Mörgum gefst því kostur á að fara á vit ævintýranna, sækja atvinnu utan síns heimalands og flytjast búferlum um skemmri eða lengri tíma.<sup>2</sup>

Samfélög heims hljóta að taka breytingum þegar einstaklingum er orðið jafn aðgengilegt og raun ber vitni að ferðast á milli heimsálfanna og setjast að á nýjum stað. Í þessu sambandi er talað um að samfélagið sé fjölmenningsleg og skilgreining *Íslenskrar orðabókar* á því hljóðar svo: „Samfélag þar sem fjölmenningslegur, þ.e. ólíkar menningarhefðir og hópar þrífast hlið við hlið.“<sup>3</sup> Til nánari útskýringa má segja að samfélagið sé fjölmenningsleg þegar fólk af mismunandi uppruna og ólíkum menningarsvæðum býr í sama samfélagi. Fjölbreytileikinn sem af hlýst skapar ný tækifæri og ætti að líta á hann björtum augum og einstaklingar innan samfélagsins þurfa að umgangast hvern annan af virðingu.<sup>4</sup>

Fjölmenningsstefnur þjóðríkja eru ólíkar en í aðalatriðum tryggja þær öllum, óháð uppruna, borgaraleg réttindi og stuðning við einstaklinga til að viðhalda menningarlegum uppruna sínum. Áður tíðkaðist að einblína á aðlögun innflytjenda að nýju samfélagi en í dag er viðurkennt að breytingar verði með innflytjendum.<sup>5</sup> Þá er átt við að samþætting (integration) eigi sér stað. Samþætting verður þegar þjóðernisminnihlutar tileinka sér þá menningu sem ráðandi er í nýju landi en viðhalda um leið eigin menningu og tungu. Oft getur verið erfitt fyrir einstaklinga að öðlast færni í tvenns konar menningarheimi þar sem aðstæður geta verið ólíkar. Þeir þurfa að valda fleiru en einu tungumáli, mismunandi gildum, siðum, samskiptaháttum og samsama sig báðum hópunum.<sup>6</sup> Samþætting er talin ákjósanleg til aðlögunar því

---

<sup>1</sup> Robinson og Días 2006:44,45

<sup>2</sup> Robinson og Días 2006:99

<sup>3</sup> *Íslensk orðabók* 2002:343

<sup>4</sup> Guðrún Pétursdóttir 1999:8–9

<sup>5</sup> Unnur Dís Skaptadóttir 2004:586

<sup>6</sup> Rannveig Þórisdóttir o.fl. 1997:8

hún viðheldur menningarlegum og félagslegum tengslum einstaklinga við uppruna sinn.<sup>7</sup>

Ísland hefur ekki farið varhluta af fjölmenningu og nokkur breyting hefur átt sér stað í samfélaginu á síðustu árum. Innflytjendur hafa bæst í hóp áður einsleitar þjóðar og auðgað hana með fjölbreyttri menningu. En þrátt fyrir þessa þróun er hlutfall innflytjenda á Íslandi töluvert lægra en hjá nágrannríkjunum og ekki ósvipað og var á Norðurlöndunum á árunum eftir stríð.<sup>8</sup>

Í byrjun árs 2008 voru erlendir ríkisborgarar á Íslandi 21.434 eða nær 7% íbúanna. Innflytjendurnir eru flestir frá Evrópu, samtals 17.130. Þar af er nær helmingur Pólverjar eða 8.488. Næst eru það Asíubúar en þeir eru 2.513. Frá Ameríku eru 1.211 og 362 koma frá Afríku. Aðrir eru frá Ástralíu, Nýja Sjálandi, Eyjaálfu og rúmlega eitthundrað eru ríkisfangslausir.<sup>9</sup> Til samanburðar má nefna að fyrir tíu árum síðan, 1998, var hlutfall erlendra ríkisborgara á Íslandi 2,1%.<sup>10</sup>

---

<sup>7</sup> Rannveig Þórisdóttir o.fl. 1997:10–11, tekið eftir Phinney o.fl. 1992 [upprunaleg heimild fannst ekki]

<sup>8</sup> Menntamálaráðuneytið 2005:8

<sup>9</sup> Hagstofa Íslands 2008e

<sup>10</sup> Hagstofa Íslands 2008a

### 3. Skólar í fjölmenningsarsamfélagi

Börn á leikskólaaldri eru meðal innflytjenda og samhliða hefur þeim fjölgað í leikskólum landsins. Samkvæmt Hagstofu Íslands var hlutfall barna með erlent móðurmál árið 1998, 3,8% af heildarfjölda allra leikskólabarna á Íslandi. Árið 2006 var hlutfallið 7,7%, sem merkir að 1.333 erlend börn<sup>11</sup> sóttu íslenska leikskóla það árið.<sup>12</sup>

Segja má að með öllum sínum erlendu börnum endurspegli íslenskir leikskólar margbreytileika samfélagsins. Nýju fólki fylgja oft breyttar áherslur og önnur viðhorf, einkum og sér í lagi ef það á uppruna sinn að rekja til annarra landa eða menningarsvæða. Okkur ber því að skoða hvað felst í fjölmenningslegu skólastarfi og hvernig bregðast skuli við.

Í fjölmenningsarsamfélögum geta skapast ýmis vandkvæði og til að bregðast við þeim hefur fjölmenningsleg kennsla, sem er hugtak um uppeldisstefnu, verið notuð til að sýna fram á lausnir. Fjölmargir hafa komið með skilgreiningar á hugtakinu en allar hafa leitt til svipaðrar niðurstöðu. Þær eru svar við fjölbreytileika samfélagsins. Það er þegar fólk sem hefur ólíkan bakgrunn og er af mismunandi uppruna býr í samfélagi. Fjölmenningsarkennsla er ekki kennslugrein heldur áherslubreyting í allri kennslu og ekki bundin við bekkir eða skóla. Þetta kennsluform merkir sameiginlegan lærdóm fólks af ólíku þjóðerni, með mismunandi menningu og trú og ólíka getu og hæfni.<sup>13</sup>

Banks og Banks hafa svipaða sýn og segja að með hugmyndafræði fjölmenningslegrar kennslu megi breyta kennsluaðferðum til að allir nemendur njóti jafnréttis og eigi sömu möguleika á menntun. Til að ná árangri ber að líta á skólann sem félagslegt kerfi og ganga úr skugga um að námskráin, menning, efniviður og viðhorf starfsfólks endurspegli fjölmenningslegan skóla.<sup>14</sup>

Hilda Hernández hefur sett fram skilgreiningu á fjölmenningslegri menntun sem er fyrst og fremst nemendamiðuð. Segir Hilda að menntunin sé sýn á hvað hún getur verið, ætti að vera og eigi að vera fyrir alla nemendur. Menntunin snýst um nemendur og kyn, stétt, tungumál, trú og annað sem hefur áhrif og mótast einstak-

---

<sup>11</sup> Samkvæmt skilgreiningu Hagstofu Íslands er barn erlent ef annað eða báðir foreldrar hafa annað móðurmál en íslensku.

<sup>12</sup> Hagstofa Íslands 2007

<sup>13</sup> Guðrún Pétursdóttir 2003:11

<sup>14</sup> Banks og Banks 2005:1

lingana. Hún er undirbúningur fyrir þátttöku í samfélagi þar sem mismunandi menning og tungumál eru viðhöfð. Fjölmenningarleg menntun snýr líka að kennurum og það sem mótar þá. Þeir geta og ættu að hafa þýðingarmikil og jákvæð áhrif á nemendur og gæta sanngirni í kennslunni. Menntunin er einnig um að skólasamfélagið sé til fyrirmyndar og endurspegli sanngirni.<sup>15</sup>

Niðurstöður rannsóknar Hönnu Ragnarsdóttur á stöðu innflytjendabarna á Íslandi sýna að oft skorti þekkingu og skipulag í skólum til að mæta fjölmenningarlegum veruleika og koma til móts við þarfir barnanna. Skilningur og þekking flestra kennara á bakgrunni barnanna er af skornum skammti og misjafnt hvernig þeim er mætt. Ekki er farið eftir skólastefnu eða heildarsýn heldur ræðst það af reynslu og þekkingu einstakra kennara.<sup>16</sup> Skólasamfélög þurfa að þróa með sér jákvæð viðhorf til barnanna. Virðing fyrir mismunandi trúarbrögðum, menningu og tungumálum þarf að ríkja í skólunum og efla þarf þekkingu kennara á fjölmenningsamfélagi og hvað í því felst. Oft er áherslan á það sem er ólíkt með einstaklingum og fjölskyldum. En í stað þess að horfa eingöngu á það ætti um leið að veita athygli því sem allir eiga sameiginlegt, sem er umhyggja og velferð barnanna.<sup>17</sup>

Af skilgreiningum og niðurstöðum fræðimannanna á fjölmenningarlegu skólastarfi má greina að jafnrétti og virðing sé grunnur að góðu starfi. Kennurum ber því að kynna sér hvað felst í margbreytileikanum og tileinka sér viðeigandi viðhorf og aðferðir. Þannig er hægt að koma til móts við mismunandi þarfir einstaklinga í fjölmenningarlegum leikskólum.

---

<sup>15</sup> Hernández 2001:6

<sup>16</sup> Hanna Ragnarsdóttir 2007:262–263

<sup>17</sup> Hanna Ragnarsdóttir 2007:265–266

#### 4. Foreldrasamstarf í leikskóla

Flestir hafa ákveðnar hugmyndir hvað er átt við þegar orðið foreldrasamstarf ber á góma. Túlkun þess getur hins vegar verið mismunandi. Einhverjir gætu litið svo á að í því felist þátttaka foreldra í atburðum á vegum skólans, aðrir að góð tengsl ríki milli skóla og heimilis og enn aðrir eru með allt aðrar hugmyndir. Hér verður fjallað um hvað felst í foreldrasamstarfi og hvernig megi haga því í fjölmenningsamfélagi. En hafa ber í huga að þó sjónum sé einkum beint að erlendum fjölskyldum þá er fjölmargt sem á við allar fjölskyldur, alls óháð uppruna þeirra.

Gott samstarf heimilis og leikskóla stuðlar að góðri líðan barna, foreldra og kennara. Rannsóknir sýna að þegar svo er, dafna og þrífast börnin best.<sup>18</sup> Með því er grunnur lagður að velferð og velgengni barna og fylgir þeim alla ævina.<sup>19</sup> En til að svo megi vera, er brýnt að samstarfið sé ekki einhliða heldur verða báðir aðilar, heimili og leikskóli, að leggja sitt af mörkum. Ábyrgðin hvílir því á höndum beggja. Foreldrar veita leikskólanum upplýsingar um barnið og leikskólinn kemur upplýsingum til foreldra.<sup>20</sup>

Samkvæmt 14. grein laga um leikskóla ber leikskólastjóra skylda til „...að stuðla að samstarfi milli foreldra barnanna og starfsfólks leikskólans með velferð barnanna að markmiði.“<sup>21</sup> *Aðalnámskrá leikskóla* er leiðarvísir fyrir alla sem vinna með börnum í leikskólum.<sup>22</sup> Þar segir að leikskólanum beri að tryggja að allir foreldrar fái sömu fræðslu og upplýsingar um starfið. Tekur aðalnámskrá í sama streng og áður hefur komið fram, að foreldrar hafi líka skyldum að gegna í samstarfinu. Þeir skuli kynna sér starf deildarinnar og veita kennurum upplýsingar um barnið og atburði sem það tekur þátt í utan leikskólans.<sup>23</sup> Í skólastefnu fyrir leikskóla er sagt að leggja skuli grunn að góðu foreldrasamstarfi strax í upphafi. Það er á ábyrgð beggja aðila að finna leiðir til þátttöku og á höndum kennara að upplýsingamiðlun milli skóla og heimila verði gagnkvæm.<sup>24</sup>

Robinson og Días segja að til að gæta félagslegs jafnréttis í leikskólum þurfi kennarar að vinna með foreldrum jafnt sem börnum. Sjónarmið fjölskyldunnar getur

---

<sup>18</sup> Smidt 2007:168–169

<sup>19</sup> Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir 2006:32

<sup>20</sup> Smidt 2007:169

<sup>21</sup> *Lög um leikskóla nr. 78/1994*

<sup>22</sup> *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:5

<sup>23</sup> *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:32,31

<sup>24</sup> Félag leikskólakennara og Kennarasamband Íslands 2008

haft áhrif á hvernig fjölbreytileikinn birtist í starfinu. Fjölskyldur sem tilheyra meirihluta og ráðandi menningu hafa gjarnan meiri áhrif á stefnu og daglegt starf í leikskólum en þær sem tilheyra minnihlutanum. Það er í sjálfu sér ekki undarlegt því tungumálið er þeim ekki fjötur um fót, þær þekkja ríkjandi menningu og eiga því auðveldra með samskipti. Kennarar ættu því að leggja áherslu á og hvetja allar fjölskyldur, óháð uppruna, að taka þátt í leikskólastarfinu. En til að af því geti orðið verða kennarar að skapa styðjandi og traust umhverfi. Hins vegar virðist sem oft ríki einstefna í samskiptunum. Kennarar veita upplýsingarnar og láta sig ekki varða um heimamenningu fjölskyldunnar í stað þess að líta á hana sem auðlind og tækifæri til að öðlast skilning á fjölbreytileika.<sup>25</sup> Vegna margbreytileikans þarf að veita og meta styrkleika hvern og einnar fjölskyldu til að greina hvert framlag þeirra til samstarfs getur verið og hvetja til þátttöku á viðeigandi sviði.<sup>26</sup> Greiningin er ekki síður gagnleg fyrir leikskólann, í því skyni að geta komið til móts við þarfir fjölskyldunnar.<sup>27</sup>

Í áðurnefndri rannsókn Hönnu Ragnarsdóttur benda niðurstöður til skorts á upplýsingum milli heimila og skóla. Samskiptum og skilningi er víða ábótavant og því myndast rof milli skólanna og heimilanna. Svo virðist sem skólarnir reikni með einhliða aðlögun, sem þýðir að fjölskyldur aðlagist skólunum á sem skemmstum tíma. Foreldrar hafa í raun lítið um þetta fyrirkomulag að segja en gera það sem krafist er af þeim. Þeir trúa að þeir séu að gera rétt og það sem börnunum er fyrir bestu.<sup>28</sup>

#### 4.1 Upphaf samstarfs

Í *Aðalnámskrá leikskóla* er ekki að finna sérstakan kafla um fjölmenningu í leikskólum en aftur á móti er áherslan á jafnrétti barna rauði þráðurinn í námskránni. Kemur fram að leikskólinn sé fyrir öll börn óháð atgervi þeirra, trú eða menningu.<sup>29</sup> Leikskólanum ber að aðstoða börn sem koma frá öðrum menningar-svæðum að vera þátttakendur í nýju samfélagi.<sup>30</sup> Ítarlegur kafli er um hvernig skuli standa að samstarfi heimilis og leikskóla.<sup>31</sup> Þar er hins vegar hvergi minnst á hvernig samskiptum við erlendar fjölskyldur skuli vera háttað, hvað þá þegar

<sup>25</sup> Robinson og Días 2007:176–177

<sup>26</sup> Brooker 2002:133; Guðrún Pétursdóttir 2003:151

<sup>27</sup> Brooker 2002:133

<sup>28</sup> Hanna Ragnarsdóttir 2007:264

<sup>29</sup> *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:7

<sup>30</sup> *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:15

<sup>31</sup> *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:30–32

tungumálið er jafnvel þrándur í götu. En hafa ber í huga að aðalnámskrá er nú ára gömul og íslenskt samfélag hefur tekið stakkaskiptum á þeim tíma.

Samstarf heimilis og leikskóla hefst áður en barnið byrjar í leikskólanum eða við innritun.<sup>32</sup> Í raun má segja að barnið og fjölskyldan innritist samtímis. Leikskólinn er samfélag sem stuðlar að þroska barnsins með menntun, umönnun og örvun og jafnframt veitir hann stuðning og þjónustu við fjölskylduna. Í líkani sem Workman og Gage settu fram er litið á það sem þátttöku þegar foreldrar eiga í samskiptum sín á milli, lesa fréttabréf, biðja um aðstoð kennara og svo fram eftir götum.<sup>33</sup>

Það er einkar mikilvægt að við fyrstu kynni ríki jákvæðni og foreldrar finni að þeir séu velkomnir.<sup>34</sup> Símtal til foreldra í upphafi leikskólagöngunnar er talið getað skilað miklu þegar fram í sækir. Í símtalinu kemur kennarinn á framfæri ánægju sinni yfir að barnið sé að koma í leikskólann og hvetur foreldrana að hafa samband við sig hvenær sem er.<sup>35</sup> Þessi leið getur hins vegar verið strembin þegar kemur að samskiptum við erlenda foreldra. Kennara gæti skort upplýsingar um tungumálakunnáttu foreldranna og því má álykta að betri kostur sé að koma slíkum upplýsingum til skila, augliti til auglitis, í fyrsta viðtali.

Í fyrsta viðtali leikskóla og erlendra foreldra getur tungumálið verið fjötur um fót og oft nauðsynlegt að kalla til túlk. Með hans aðstoð komast upplýsingarnar klakklaut til skila og má koma í veg fyrir misskilning. Foreldrum gefst þá líka kostur á að spyrja spurninga og koma skoðunum sínum á framfæri.<sup>36</sup> Ef leikskólinn er með spurningalista við höndina í fyrsta viðtali er mikilvægt að allir foreldrar, óháð uppruna, fái sömu spurningar. Stundum eiga spurningarnar ekki við alla en foreldrarnir gera sér þá ljóst að menningin innan leikskólans er fjölbreytileg.<sup>37</sup>

Margir eru þeirrar skoðunar að heimaviðtöl áður en leikskólaganga barna hefst séu upphafið að farsælu samstarfi.<sup>38</sup> Ástæðan er að í slíkum viðtölum eru fjölskyldurnar á heimavelli og öruggari fyrir vikið og kennarinn er gestur þeirra. Það er

---

<sup>32</sup> Fríða Bjarney Jónsdóttir og Anna Margrét Þorlákssdóttir [án árs]a; Smidt, 2007:33

<sup>33</sup> Workman og Gage 1997:13

<sup>34</sup> Millam 2002:33

<sup>35</sup> Eggen og Kauchak 2004:442

<sup>36</sup> Millam 2002:39

<sup>37</sup> Fríða Bjarney Jónsdóttir og Anna Margrét Þorlákssdóttir [án árs]c

<sup>38</sup> Guðrún Pétursdóttir 2003:151; Millam 2002:33; Smidt 2007:174

hins vegar alls óvíst að allar fjölskyldur kæri sig um heimaviðtal en mikilvægt er að þær viti að það standi þeim til boða.<sup>39</sup>

*Fjölmennningarleikskóli* nefnist þróunarverkefni sem fram fór í leikskóla einum í Reykjavík á árunum 2001–2004. Einn þáttur verkefnisins var að bæta fyrsta viðtal við foreldra. Leikskólastjóri og kennarinn sem sér um aðlögunina taka viðtalið með það markmið í huga að foreldrar finni að þeim er umhugað um fjölskylduna. Öllum foreldrum var boðið að viðtalið færi fram á heimili þeirra og í fyrstu þáðu það fáir. Síðan hafa sífellt fleiri nýtt sér þennan valmöguleika og lýsa foreldrar jafnt sem kennarar yfir ánægju sinni með þetta fyrirkomulag. Á þennan hátt fá kennararnir innsýn í fjölskyldulíf barnsins, sem gerir þeim auðveldara að koma til móts við þarfir þess.<sup>40</sup>

## 4.2 Aðlögun

Í upphafi leikskólagöngu barns er umhverfið því framandi og þarf það að venjast nýjum aðstæðum og kynnast nýju fólki. Þetta ferli er gjarnan nefnt aðlögun og er veigamikill þáttur samstarfsins. Þetta er ef til vill í fyrsta sinn sem barnið er aðskilið foreldrum sínum sem eru líka að aðlagast nýjum aðstæðum. Því er mikilvægt að allir leggist á eitt svo aðlögunartíminn verði sem ánægjulegastur fyrir fjölskylduna. Börn þurfa mislangan tíma til að venjast nýjum aðstæðum og því er aðlögunartíminn oft breytilegur eftir einstaklingum.

Í *Aðalnámskrá leikskóla* segir að farsælast sé að sami kennari taki á móti fjölskyldunni og hafi umsjón um aðlöguninni því þá myndast mikilvæg og nán tengsl. Sníða verður aðlögunartíma að þörfum hvers og eins og í samráði við foreldra. Þeim er einnig heimilt að dvelja með barninu á meðan á aðlöguninni stendur og kynnast leikskólanum.<sup>41</sup> Margir eru sammála og taka undir það sem fram kemur í aðalnámskrá um mikilvægi þess að sami kennarinn sjái um móttöku barnsins og aðlögunina.<sup>42</sup> Hann er lykilpersóna í ferlinu, sem sinnir og kynnist þörfum barnsins. Reynslan segir að í því felist öryggi og traust fyrir fjölskylduna.<sup>43</sup>

<sup>39</sup> Guðrún Pétursdóttir 2003:151; Smidt 2007:174

<sup>40</sup> Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir 2006:39

<sup>41</sup> *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:31

<sup>42</sup> Fríða Bjarney Jónsdóttir og Anna Margrét Þorlákssdóttir [án árs]; Guðrún Alda Harðardóttir og Sigríður Síta Pétursdóttir 2006:11

<sup>43</sup> Guðrún Alda Harðardóttir og Sigríður Síta Pétursdóttir 2006:11



Ein hugmynd um aðlögun leikskólabarna er *ítalska leiðin* svonefnda sem byggir meðal annars á að virkja foreldrana í starfinu. Í upphafi aðlögunarinnar, samkvæmt þeirri leið, eru foreldrar með börnum sínum í nokkrar klukkustundir í senn og hægt og sígandi lengist tíminn uns fullum dvalartíma er náð. Það fer eftir þörfum fjölskyldunnar hve lengi foreldrar fylgja börnunum og getur tíminn varað frá örfáum dögum upp í vikur. Á þessu tímabili gefst foreldrum kostur á að taka þátt í starfinu og eiga samskipti við kennarana, börnin og aðra foreldra. Tíminn er kennurum einnig dýrmætur og njóta þeir góðs af samskiptunum og fá tækifæri til að kynna áherslum foreldra í uppeldinu og væntingum þeirra til leikskólans.<sup>44</sup> Þegar foreldrar og kennarar hafa náð tengslum er komin undirstaða að samstarfi. Báðir aðilar leggja sitt af mörkum og hægara verður að skiptast á skoðunum varðandi starfið.<sup>45</sup>

*Lengi býr að fyrstu gerð* er þróunarverkefni sem sett var á laggirnar í því markmiði að hanna kennsluleiðbeiningar sniðnar fyrir yngsta stig leikskóla.<sup>46</sup> Í leiðbeiningunum er að finna ýmsar leiðir í aðlögun sem má heimfæra á aðlögun erlendra barna jafnvel þó eldri séu. Þar kemur fram að börnin eru ekki ein um að upplifa breytingar þegar þau hefja leikskólagöngu heldur gera foreldrarnir það líka. Það kallar því oft á einstaklingsmiðaða aðlögun fyrir þá. Því er mikilvægt að upplýsingar til þeirra séu skilmerkilegar og þeir viti hvernig aðlöguninni skuli háttað og síðan hvernig hún gangi. Tölvupóstur með myndum og upplýsingum eða skilaboð í farsíma um að allt gangi að óskum getur veitt foreldrum öryggi og ánægju. Þá er reynslan sú að börn og foreldrar af erlendum uppruna þurfi oft lengri aðlögunartíma því leikskólastarf á Íslandi getur verið þeim framandi. Umhverfið er frábrugðið því sem þau þurfa að venjast og tungumálið líka. Þess vegna er mikilvægt að túlkur sé með í viðtölum og þá sérstaklega í því fyrsta.<sup>47</sup>

Leikskólakennari getur lagt sitt af mörkum til að gera aðlögun barns sem ánægjulegasta og mismunandi hvaða áherslur eru hafðar að leiðarljósi. Kennarinn getur útbúið möppu með myndum úr leikskólastarfinu sem hann afhendir foreldrum í fyrsta viðtali. Fjölskyldan skoðar þá möppuna, ræðir saman um innihald hennar og barnið kynnist leikskólanum úr fjarlægð. Ef heimaviðtal fer fram getur kennarinn

---

<sup>44</sup> Bove 2001:110

<sup>45</sup> Millam 2002:33

<sup>46</sup> Guðrún Alda Harðardóttir og Sigríður Síta Pétursdóttir 2006:3

<sup>47</sup> Guðrún Alda Harðardóttir og Sigríður Síta Pétursdóttir 2006:9–10

tekið myndir í heimsókninni sem hann skoðar með barninu þegar það byrjar í leikskólanum. Þannig er byggð brú milli leikskóla og heimilis og bilið minnkar.<sup>48</sup>

Áriðandi er að foreldrar upplýsi leikskólakennara um hagi barnsins og þroska þess strax í upphafi.<sup>49</sup> Þegar barn af erlendum uppruna á í hlut ætti kennari að afla sér upplýsinga um hve lengi það hefur dvalið á landinu, hvort það hafi áður verið aðskilið fjölskyldu sinni og hverjar heimilisaðstæður þess eru. Einnig er gott að hann kynnist menningarlegum bakgrunni barnsins og hvað persónuleika það hefur að geyma. Viðmót og virðing annarra kennara gagnvart fjölbreytileika einstaklinga innan leikskólans skiptir einnig máli í þessu sambandi.<sup>50</sup>

Í íslenskri rannsókn á stöðu erlendra barna í leikskólum kom fram að misjafnt væri hvernig aðlögun þeirra væri háttað. Oft væri reynt að hafa hana sem líkasta aðlögun íslenskra barna. Í mörgum tilfellum var hún ívið lengri en einnig voru dæmi þess að hún væri styttri en tíðkaðist. Þá var um að ræða pressu frá foreldrum sem töldu sig ekki geta verið lengi frá vinnu og gerðu þeir sér ekki grein fyrir mikilvægi aðlögunarinnar. Líklegt er að ástæður fyrir ólíkum hugmyndum megi rekja til mismunandi menningarheima. Er haft eftir einum leikskólastjóra að í einhverjum löndum Evrópu sé aðlögun ekki þekkt fyrirbæri og börnin skilin eftir á fyrsta degi í leikskólunum. Einnig má ætla að foreldrar séu óruggir um atvinnu sína og óttist að missa starfið ef þeir dvelja löngum stundum með börnunum fyrstu dagana í leikskólanum.<sup>51</sup> Mikil vinna liggur oft að baki hjá leikskólanum þegar tekið er á móti erlendum börnum og með henni hefur tekist að tryggja góða aðlögun. Það þarf að huga að bakgrunni fjölskyldunnar eins og trúarbrögðum og hvort um er að ræða flóttafólk. Leikskólakennarar eru sammála um að fræðsluefni um komu erlendra barna þyrfti að vera aðgengilegt í stað þess að þeir þurfi að sækja upplýsingar víða.<sup>52</sup>

Fáum vikum eftir að barnið hefur leikskólagönguna ætti að boða aftur til viðtals við foreldra. Á þeim tíma hafa foreldrar myndað sér skoðun á starfinu, kennarar kynnst barninu og geta greint frá hvernig aðlögun barnsins gekk og hvernig því líður í leikskólanum. Viðtalið er kjörinn vettvangur fyrir foreldra til að koma skoðunum sínum á framfæri og spyrja spurninga. Mikilvægt er að kennarinn

---

<sup>48</sup> Fríða Bjarney Jónsdóttir og Anna Margrét Þorláksdóttir [án árs]b

<sup>49</sup> *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:31

<sup>50</sup> Fríða Bjarney Jónsdóttir og Anna Margrét Þorláksdóttir [án árs]b

<sup>51</sup> Hanna Ragnarsdóttir 2002:61

<sup>52</sup> Hanna Ragnarsdóttir 2002:65

sé vel undirbúinn og komi upplýsingum skilmerkilega til skila. Hluti undirbúningsins getur falist í skráningu á venjulegum degi barnsins í skólanum sem hann sýnir foreldrum. Þessi aðferð auðveldar kennaranum að koma fyrir sig orði og foreldrum verður ljósara hvað barnið aðhefst á daginn.<sup>53</sup> Skráning er gott hjálpartæki til að fylgjast með þroska og hegðun leikskólabarna. Hana má framkvæma á ýmsa vegu eins og með myndbands- eða segulbandsupptöku, skriflega eða taka ljósmyndir.

### 4.3 Daglegt samstarf

Leikskólakennurum finnst mörgum hverjum erfitt að fá foreldrana til samstarfs og að mæta á uppákomur í leikskólanum. Oft er það túlkað sem áhugaleysi foreldra en gæti frekar verið um óöryggi að ræða, sér í lagi ef þeir hafa dvalið stuttan tíma í landinu og ríkjandi tungumál er þeim framandi.<sup>54</sup> Trúarbrögð fjölskyldunnar geta átt þátt í þessu sambandi þegar trúariðkun hennar stangast á við tímann á viðburðum.<sup>55</sup> Þetta styðja Eggen og Kauchak og segja að tungumálið og menningarmunurinn séu hindranir og helstu fyrirstöður foreldrasamstarfs.<sup>56</sup> Þvermenningarlegar rannsóknir hafa gefið til kynna að engin ein leið að farsælu foreldrasamstarfi sé réttari en önnur og jafnvel er breytilegt hvað fólk telur vera þátttöku. Bandarísk rannsókn leiddi í ljós að sumir erlendir foreldrar töldu það álitid vera afskiptasemi og að þeir væru að sýna óvirðingu ef þeir spyrðust fyrir um gengi barnsins í skólanum.<sup>57</sup>

Niðurstöður íslenskrar rannsóknar, sem fram fór fyrir rúmum áratug, bentu til samskiptaleysis foreldra og leikskóla, sérstaklega í þeim tilvikum þegar foreldrar töluðu ekki íslensku. Þeir áttu í erfiðleikum með að skilja upplýsingar frá leikskólanum en oft var hægt að finna leiðir því til bjargar með samtölum við kennarana.<sup>58</sup> Ekki var eins mikil áhersla á túlka og nú til dags og fram kemur í sömu rannsókn að leikskólar mættu ef til vill nota túlkaþjónustu þegar misbrestur verður í samskiptum.<sup>59</sup>

Í þróunarverkefninu *Fjölmennningarleikskóli* var meðal markmiða að leikskólastarfið speglaði fjölmenningu samfélagsins. Foreldrasamstarf var rannsakað og

---

<sup>53</sup> Rahm og Wall 1993:35–36

<sup>54</sup> Guðrún Pétursdóttir 2003:151

<sup>55</sup> Smidt 2007:38

<sup>56</sup> Eggen og Kauchak 2004:441

<sup>57</sup> Trumbull o.fl. 2001:31

<sup>58</sup> Rannveig Þórisdóttir o.fl. 1997:23

<sup>59</sup> Rannveig Þórisdóttir o.fl. 1997:32

í fyrsta sinn á Íslandi var sjónum aðallega beint að erlendum foreldrum.<sup>60</sup> Voru kannaðar leiðir til að efla samstarf og hvaða áhrif aukin samskipti hefðu á börnin og starfið. Samskiptum við erlenda foreldra var ábótavant meðal annars vegna tungumálaörðugleika og hlédrægni foreldra og starfsfólks. Foreldrar voru því virkjaðir á marga vegu og þeir erlendu til að mynda beðnir að gera heimameningu sinni skil í leikskólanum með að kenna starfsfólkinu nokkur orð á móðurmáli sínu og barnanna. Með þessum samskiptum opnuðust dyr og leiðin varð greiðari að auknu samstarfi. Upplýsingar um daglegt starf urðu aðgengilegri þegar farið var að taka myndir af börnunum og þær settar á heimasíðu skólans og á vegg hans.<sup>61</sup> Niðurstöður verkefnisins sýndu að starfsfólk kynntist foreldrum betur og þeir urðu virkari. Áhrifin náðu til barnanna sem mörg hver sýndu aukið sjálfstraust, meiri áhuga og urðu opnari.<sup>62</sup> Það helsta sem starfsfólk leikskólans varð áskynja í verkefninu var að frumkvæði að samstarfi yrði að koma frá skólanum.<sup>63</sup> Rannsókn Hönnu Ragnarsdóttur á viðhorfum og væntingum erlendra foreldra til náms og skólastarfs leiddi til álíkrar niðurstöðu. Foreldrarnir koma ekki að fyrri bragði og afla sér upplýsinga heldur bíða boða frá skólanum.<sup>64</sup>

Þörf fyrir túlka í samskiptum við erlenda foreldra er oft brýn en jafnframt getur sú samskiptaleið heft gott samstarf því samskiptin fara þá fram í gegnum þriðja aðila. En ábyrgðin er á höndum leikskólans og getur starfsfólk hans brugðist við og hjálpað foreldrunum með því að sýna að allir séu af vilja gerðir til að hlusta á þá og aðstoða.<sup>65</sup> Meðan verið er að þróa leiðir til samskipta er brosið eitt áhrifa- ríkasta samskiptatækið sem leikskólakennarar geta nýtt sér og ættu óspart að gera.<sup>66</sup>

Líkt og segir í aðalnámskrá þá er skylda leikskólastjórans að koma á samstarfi heimilis og skóla. Þá ríður á að hann búi yfir góðum samskiptahæfileikum og geti miðlað til kennara hvernig að samstarfi skuli staðið. Ef hann skortir þennan eiginleika er hætta á að þessi veigamikli þáttur, sem samstarfið er, sitji á hakanum og leiði til vansældar og óánægju foreldra, barna og kennara. Það getur því verið gott að eiga í handraðanum einhverja ákveðna aðferð sem stuðlar að samskiptum sem allir aðilar hagnast á.

---

<sup>60</sup> Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir 2006:31

<sup>61</sup> Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir 2006:37–40

<sup>62</sup> Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir 2006:31

<sup>63</sup> Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir 2006:44

<sup>64</sup> Hanna Ragnarsdóttir 2004:91,105

<sup>65</sup> Smidt 2007:173

<sup>66</sup> Millam 2002:33,39

### 4.3.1 Bókabakpokinn – Tillaga að samstarfi

Leikskólinn hefur ýmsum skyldum að gegna í uppeldi barna, líkt og fram hefur komið, og meðal þeirra er að kynna bækur fyrir börnum og lesa fyrir þau. Við það þjálfast börn í hlustun og sögurnar sem þau heyra geta hjálpað þeim að skilja eigin tilfinningar og annarra.<sup>67</sup> Ef vel á að takast er mikilvægt að foreldrar byrji að kynna bækur fyrir börnum sínum á unga aldri og lesi reglulega fyrir þau. Með það sjónarmið að leiðarljósi og markmið að skapa lesendur framtíðarinnar hrinti leikskólakennarinn Lynn E. Cohen á Long Island úr vör verkefni sem hún kallar Bókabakpokinn (*Backpacking books*). Hún hafði áhuga á að koma foreldrum til hjálpar við að finna góðar barnabækur og sjá til þess að börnin kæmst í kynni við góðar bókmenntir. Síðast en ekki síst sá hún tækifæri til að stuðla að auknum og bættum samskiptum við fjölskyldurnar.<sup>68</sup>

Verkefnið má sníða að þörfum og áhugasviði allra fjölskyldna og vel mögulegt að huga að erlendum fjölskyldum í því samhengi. Bakpoki fyrir þær getur innihaldið barnabækur með einföldum texta á íslensku sem barn og foreldrar skoða og lesa saman. Með því er ekki verið að gera lítið úr móðurmáli fjölskyldunnar heldur fyrst og fremst hugað að því að styrkja foreldrana í nýju tungumáli og gera þeim og barninu ritmálið sýnilegt. En eins og Guðrún Pétursdóttir bendir á þá er móðurmálið undirstaða þroska barna og þurfa kennarar að hvetja foreldra til lesa og tala móðurmálið við börnin sín.<sup>69</sup>

Bakpokarnir í leikskólanum hjá Lynn innihalda fimm til sjö bækur hver með ákveðnu þema, rithöfundum, ljóðum, handbókum og æviminningum svo eitthvað sé nefnt. Bækurnar sem valdar eru eiga að endurspeglar áhuga barnanna og það sem fram fer í starfi skólans og hafa þau pokana viku í senn. Þarna má finna ævintýra–bakpoka, ferðalaga–bakpoka, vísinda–bakpoka og svo fram eftir götum. Pokarnir hafa einnig að geyma bók ætlaða foreldrum varðandi uppeldi, skólastarf á jafnréttisgrundvelli eða annað sem kennarinn telur þá hafa áhuga á að lesa. Þá er bók sem börnin skrá í minningar tengdar bókunum og þau geta teiknað sögupersónurnar eða hvað sem hefur vakið áhuga þeirra við lesturinn. Ef þau vilja segja frá bókunum geta foreldrar skrifað söguna upp eftir þeim. Kennarinn les síðan minningabókina

---

<sup>67</sup> *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:21

<sup>68</sup> Cohen 1997:69

<sup>69</sup> Guðrún Pétursdóttir 2003:151

þegar tími vinnst til en þó ekki seinna en innan mánaðar. Til að koma í veg fyrir að bækur tynist og skili sér ekki aftur er innihaldslisti látinn fylgja hverjum bakpoka. Foreldrar í sjálfboðastarfi fara yfir hvort listum og innihaldi beri saman þegar þeim er skilað. Kemur það afar sjaldan fyrir að bækurnar skili sér ekki. Með bókabakpokunum hefur Lynn tekist að tengja saman leikskólann og fjölskyldur í gegnum lestur góðra bóka og gera báða aðila ábyrga fyrir að efla þroska barnanna og skapa áhugasama lesendur.<sup>70</sup>

Hljóðbækur eru hentugar og oft fylgja þeim ritaðar bækur sem hægt er að skoða um leið og hlustað er. Ef mögulegt er má finna bækur fyrir foreldra á þeirra tungu um barnauppleði, sögu lands og þjóðar, upplýsinga- og kynningarbæklinga og svo mætti lengi telja. Frekari útfærsla gæti verið að hafa geisladiska með barnasöngvum á íslensku og mynddiska með fræðandi efni fyrir börn og foreldra á móðurmáli þeirra eða á íslensku.

Án efa getur markvisst verkefni líkt og þetta átt þátt í að styrkja tengsl heimilis og skóla. Samskiptin við kennara aukast þegar boðskapur bókanna eða mynda er ræddur. Kennaranum gefst færi á að finna hvar áhugi fjölskyldunnar liggur og leggja til viðeigandi efni í næsta bakpoka. Þá má gera sér í hugarlund að tíminn sem fjölskyldan ver saman við lesturinn, hlusta á tónlist eða horfa á fræðandi efni, skapi hjá þeim góðar og eftirminnilegar stundir.

---

<sup>70</sup> Cohen 1997:69–71

## 5. Fjölmennning í Reykjanesbæ

Sveitarfélagið Reykjanesbær varð til við sameiningu Keflavíkur, Njarðvíkur og Hafna í júní árið 1994.<sup>71</sup> Fyrir sameiningu var Keflavík stærst sveitarfélaganna þriggja með 7.581 íbúa, Njarðvík með 2.567 og í Höfnum bjuggu 133.<sup>72</sup> Í árslok 1994 var íbúafjöldi þessa nýstofnaða sveitarfélags 10.347.<sup>73</sup> Ekki liggja fyrir eldri upplýsingar en frá árinu 1998 varðandi fjölda íbúa í Reykjanesbæ með erlent ríkisfang. En þá voru þeir innan við 2% af íbúafjölda eða 179 af 10.405.<sup>74</sup> Nú eru þegnarnir vel yfir 13.000<sup>75</sup> og sveitarfélagið það fimmta stærsta á landinu.<sup>76</sup> Eftir sameiningu hefur Njarðvíkurhverfið stækkað hvað mest með fjölgun íbúa um 71% eða í 4.402. Í Höfnum nemur fjölgunin 11% og í Keflavík hefur aukning verið minnst eða um 8%.<sup>77</sup> Vallarheiði er nýr byggðarkjarni sem varð til eftir brotthvarf bandaríska hersins haustið 2006. Þar búa nú námsmenn og fjölskyldur þeirra í híbýlum sem áður tilheyrðu hernum. Byggðin tilheyrir Reykjanesbæ og eru íbúarnir á heiðinni 540 talsins.<sup>78</sup>

Íbúar bæjarins eiga margir hverjir rætur sínar að rekja til annarra landa og heimsálfa og óhætt að segja að um fjölmennningarlegt samfélag sé að ræða. Í upphafi árs 2008 voru ríflega 1.200 íbúar með annað ríkisfang en íslenskt sem samsvarar tæplega tíu af hundraði. Hlutfall Pólverja er hæst meðal innflytjendanna, rétt um 70% eða 824 og töluvert hærra en á landsvísu.<sup>79</sup> Að líkindum eru margir Pólverjar með skráða búsetu í Reykjanesbæ en vinna og búa í öðrum landshlutum. Næstflestir, en þó mun færri en Pólverjarnir, eru Litháar sem eru 75 talsins. Aðrir eru af 40 þjóðarbrotum, 14 úr ríkjum fyrrum Júgóslavíu og 8 án ríkisfangs.<sup>80</sup> Af þessum tölum má draga þá ályktun að íbúar bæjarins séu af 50 til 60 þjóðarbrotum.

---

<sup>71</sup> Reykjanesbær [án árs]a

<sup>72</sup> Hagstofa Íslands 2003a

<sup>73</sup> Hagstofa Íslands 2003b

<sup>74</sup> Hagstofa Íslands 2008b

<sup>75</sup> Hagstofa Íslands 2008d

<sup>76</sup> Reykjanesbær [án árs]b

<sup>77</sup> Hagstofa Íslands 2008c

<sup>78</sup> Hagstofa Íslands 2008c

<sup>79</sup> Hagstofa Íslands 2008b

<sup>80</sup> Hagstofa Íslands 2008b

## 5.1 Stefna bæjarins í málum innflytjenda

Reykjanesbær er meðal þeirra sveitarfélaga sem hefur mótað fjölmenningsstefnu í þeim tilgangi að viðurkenna og koma til móts við margbreytileika íbúanna. Skýrslan leit dagsins ljós í apríl árið 2004 eftir að hafa fengið samþykki bæjarstjórnar og bæjarráðs. Stefnan er margþætt og í aðalatriðum er áherslan að erlendir íbúar bæjarins verði þátttakendur í samfélaginu og að samskipti íbúa af ólíkum uppruna einkennist af gagnkvæmri virðingu. Upplýsingar um skyldur og réttindi fólks af erlendum uppruna eiga að vera þeim aðgengilegar svo tækifæri samfélagsins renni þeim ekki úr greipum. Til að þeir fari ekki á mis við þá þjónustu sem í boði er skal huga að túlkajónustu og hafa eyðublöð á mismunandi tungumálum. Í skólum hafa erlend börn sama rétt og íslensk og koma á til móts við þarfir allra. Samstarf heimila og skóla skal miða að þekkingu fjölskyldna á íslensku skólastarfi og kynna á skólastarfið í foreldraviðtölum. Til að koma í veg fyrir fordóma á að vinna markvisst meðal starfsmanna bæjarins og stuðla að gagnkvæmri aðlögun. Hafa ber í huga að innflytjendur, líkt og aðrir íbúar, eru veitendur og neytendur í samfélaginu og eiga að njóta sömu tækifæra til að miðla hæfileikum, menntun og reynslu sinni. Síðast en ekki síst skal miða að skiplagðri vinnu til að koma stefnunni í framkvæmd.<sup>81</sup> Vegna fjölgunar innflytjenda, breyttra áherslna og aukinnar reynslu af fjölbreytileika samfélagsins hefur Reykjanesbær tekið fjölmenningsstefnuna til endurskoðunar og má vænta bættrar útgáfu síðar á árinu.<sup>82</sup>

Undanfarna mánuði hefur fjölmenningslegt starf verið áberandi í bænum og má greina að unnið er samkvæmt stefnunni. Helst virðist að einblínt sé á Pólverja í þessu sambandi og er það kannski ekki að undra miðað við fjölda þeirra.

Ber fyrst að nefna íbúafund bæjarstjóra með Pólverjum þar sem verkefnið *Interculture Reykjanes* var kynnt. Tveir pólskir verkefnastjórar hafa verið ráðnir því til umsjónar. Markmið þess er að skapa aðstæður sem auðvelda aðlögun Pólverja að samfélaginu. Þá er í vinnslu upplýsingakerfi um lífið í nýju samfélagi, þýðing á heimasíðu bæjarins og pólskt fréttabréf er nú gefið út mánaðarlega. *Interculture Reykjanes* tekur einnig þátt í ýmsum verkefnum með stéttarfélögum, skólum, lögreglu og *Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum* svo eitthvað sé nefnt. Þá kom fram

---

<sup>81</sup> Reykjanesbær 2004

<sup>82</sup> Dröfn Rafnsdóttir 2008



á fundinum að vilji væri hjá bæjaryfirvöldum að mynda traust í samskiptum milli allra íbúa Reykjanes. Loks var áætlað að halda annan íbúafund að ári.<sup>83</sup>

Í nóvember síðastliðnum var kynning ætluð innflytjendum á jólahaldi Íslendinga þar sem pólskur túlkur var til staðar.<sup>84</sup> Í sama mánuði bárust fréttir af útgáfu bæklingins *Fyrstu skrefin* sem er unnin af fjölmörgum aðilum og Alþjóðahús sá um útgáfuna. Bæklingurinn er til á níu tungumálum og er íslenskur texti ávallt til hliðsjónar. Í honum eru helstu upplýsingar sem koma innflytjendum til góða við komuna til Íslands.<sup>85</sup> Í mars á þessu ári var svokallað *Erlingskvöld* á bókasafninu tileinkað pólskri menningu. Þar voru meðal annars lesin pólsk ljóð á íslensku, pólsk tónlist var leikin og flutt var erindi um gildi menningar í fjölpjóðasamfélögum.<sup>86</sup>

Hér hafa einungis verið nefnd til sögunnar fá atriði og viðburðir varðandi fjölmenningu í Reykjanesbæ. En að lokum er við hæfi að minnst á styrk sem félags- og tryggingamálaráðuneytið veitti bænum úr þróunarsjóði innflytjendamála, í janúar síðastliðnum. Styrkurinn hljóðar upp á eina milljón króna og er til verkefnis sem nefnist *Hver vegur að heiman er vegurinn heim: Aðlögun innflytjenda að lífi í nýju landi*. Markmiðið þess er að nýir innflytjendur verði fljótt jákvæðir og fullgildir þátttakendur í samfélagi bæjarins.<sup>87</sup>

## 5.2 Fjölmennung í leikskólum Reykjanesbæjar

Leikskólar Reykjanesbæjar eru níu og þar af eru þrír einkareknir. Börnin í leikskólunum eru tæplega 900 talsins og um 10% þeirra eru af erlendum uppruna og hækkar sú tala frá ári til árs.<sup>88</sup> Samkvæmt viðtölum við leikskólastjórnendur er hlutfall erlendra barna á bilinu 7-15% í átta leikskólum af níu.<sup>89</sup> Ekki er merkjanlegur munur á hlutfalli erlendra barna í bæjar- og einkareknu leikskólunum. Þó sker einn bæjarrekinn leikskóli sig úr þar sem 24% barnanna eiga erlenda foreldra. Talið er að rekja megi þetta háa hlutfall til staðsetningar leikskólans því að í hverfinu búa

---

<sup>83</sup> Reykjanesbær 2008a

<sup>84</sup> Reykjanesbær 2007a

<sup>85</sup> Reykjanesbær 2007b

<sup>86</sup> Reykjanesbær 2008b

<sup>87</sup> Reykjanesbær 2008c

<sup>88</sup> Ingibjörg Bryndís Hilmarsdóttir 2008

<sup>89</sup> Viðtöl við stjórnendur í leikskólum 2008

margar erlendar fjölskyldur.<sup>90</sup> Til fróðleiks og samanburðar má þess geta að árið 1999 voru sex leikskólar í bænum og í þeim voru 11 börn af erlendum uppruna.<sup>91</sup>

Það gefur auga leið að margar fjölskyldur eru á bak við leikskólabörnin og móðurmál þeirra, menning og bakgrunnur oft frábrugðinn því sem við höfum átt að venjast. Foreldrar og börn eiga í daglegum samskiptum við leikskólana sem þurfa að bregðast við áður einsleitri menningu og takast á við fjölbreytileikann sem fylgir slíkum breytingum.

### 5.2.1 Viðtal við sérkennslufulltrúa

Mér lék forvitni á að vita hvernig bæjaryfirvöld bregðast við þegar erlendar fjölskyldur sækja leikskólana. Vildi ég kanna hvort stefna eða aðgerðaráætlun væri til staðar fyrir leikskólakennara til að fylgja eftir þegar þeir taka á móti erlendum börnum og fjölskyldum þeirra. Til að afla mér heimilda hafði ég samband við sérkennslufulltrúa Reykjanesbæjar, Ingibjörgu Bryndísi Hilmarsdóttur.

Ingibjörg tjáði mér að haustið 2007 hafi að frumkvæði fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar verið settur á laggirnar fjölmenningshópur. Hópurinn skipa fulltrúar frá bæjarreknu leikskólunum, þremur leikskólum nágrennasveitarfélaganna auk sérkennslufulltrúa bæjarins. Hópurinn hefur að leiðarljósi að hugtakið fjölmennings vísir til margbreytileika samfélagsins. Með því er átt við að einstaklingar innan þess hafa ólík gildi og bakgrunn, að allir búi við lýðræði og jafnrétti óháð þjóðerni, kynþætti, kynhneigð svo dæmi séu tekin. Hugmyndin með hópunum er að skapa vettvang til að skiptast á hugmyndum og styrkja leikskólana í mótun sinnar námskrár er varðar fjölmenningu. Er það talinn fýsilegri kostur en að móta sameiginlega stefnu því leikskólarnir byggja hver sína námskrá á aðalnámskrá og með fjölmenningsstefnu bæjarins sér til hliðsjónar. Misjafnt er eftir leikskólum hve mikil áhersla hefur hingað til verið á fjölmenningu og má líklega rekja ástæður til áður einsleits samfélags.

Ég innti Ingibjörgu eftir því hvort leikskólum væri úthlutað aukafjármagn til að koma til móts við ólíkar þarfir erlendra barna og foreldra. Hún sagði svo ekki hafa verið nema þegar börnin hafi þurft á sérstökum stuðningi að halda líkt og önnur börn. Hins vegar hafi sá leikskóli sem er með hæsta hlutfall erlendra barna fengið af gefnu tilefni aukafjármagn eftir áramótin, sem hugsað er til að styrkja

<sup>90</sup> Ingibjörg Bryndís Hilmarsdóttir 2008; Ólöf Sverrisdóttir 2008

<sup>91</sup> Ingibjörg Bryndís Hilmarsdóttir 1999

starfið. Peningurinn er ekki eyrnamerkur ákveðnu verkefni, eins og íslenskukennslu fyrir útlendinga, heldur má ráðstafa honum á margvíslegan hátt. Til að mynda í námskeiðshald fyrir starfsfólk, tímabundna ráðningu kennara, þýða námskrá á erlent tungumál eða annað sem talið væri að gæti styrkt skólann og fjölskyldurnar.

Aðspurð hvort upplýsingar varðandi leikskólana á ólíkum tungumálum væru í boði fyrir erlenda foreldra sagði hún þær ekki til staðar en væru vissulega þarfar. Það hafi verið rætt að gott væri að hafa kynningarbækling til að mynda á ensku og pólsku því flest erlendu börnin eru pólsk að uppruna. Í bæklingnum væru þá upplýsingar fyrir foreldra um alla leikskólana, foreldraviðtöl, frídaga og aðrar hagnýtar upplýsingar.

Sérkennslufulltrúinn leggur áherslu á og brýnir nauðsyn þess fyrir leikskólastjórum að kalla til túlk í viðtölum við erlenda foreldra og þá sérstaklega í fyrsta viðtali. Segir Ingibjörg að margir leikskólar hafi brennt sig á því að sleppa túlknum, þegar foreldrar hafi neitað þeirri þjónustu, á þeim forsendum að þau skilji íslensku eða ensku og þurfi því ekki á túlki að halda. Svo hafi oft komið á daginn þegar liðið hafi á leikskóladvöl barnanna að samskiptin hafi verið komin í hnút. Hann hafi sem betur fer alltaf tekist að leysa þegar foreldrarnir hafi verið kallaðir í viðtal þar sem túlkur var viðstaddur.

Túlkþjónusta er ekki síður mikilvæg fyrir kennarana en foreldrana þegar um tungumálaörðugleika er að ræða. Kennarar þurfa að koma ýmsum hagnýtum upplýsingum til skila og kynna skólann og reglur hans. Foreldrar verða að gefa upplýsingar um hagi barns og koma væntingum fjölskyldunnar til leikskólans á framfæri. Að mati Ingibjargar væri gott fyrir leikskólana að hafa ákveðnar vinnureglur og segja „...við höfum alltaf túlk, sérstaklega fyrir þig en ekki síður fyrir okkur. Ég veit að þú skilur íslensku vel en við erum ekki eins færar og viljum gjarnan hafa túlk til að enginn misskilningur verði.“<sup>92</sup>

---

<sup>92</sup> Ingibjörg Bryndís Hilmarsdóttir 2008

## 6. Viðtöl við foreldra og leikskólastjórnendur

Ég leitaðist við að fá svör við tvíþættri spurningu: „Hvernig er samstarfi og samskiptum leikskólans og erlendra fjölskyldna háttað?“ Svaranna aflaði ég með viðtölum sem byggð voru á opnum og hálfopnum spurningum við foreldra fjögurra leikskólabarna í þremur leikskólum Reykjanesbæjar. Mér fannst einnig brýnt að heyra hvað fulltrúar leikskóla bæjarins hefðu um samstarfið að segja og tók ég viðtöl við stjórnendur þriggja leikskóla til að fá svör við sömu spurningu. Markmiðið var að fá niðurstöðu á upplifun þessara einstaklinga á samstarfi og samskiptum. Vildi ég greina hvort viðhorf foreldra væru mismunandi og hvort hugmyndir þeirra væru aðrar en stjórnenda skólanna.

Aðferðafræði rannsóknarinnar er eigindleg því verið er að kanna upplifun einstaklinga á viðfangsefni rannsakandans<sup>93</sup> og á aðferðin vel við þegar viðhorf minnihlutahópa eru könnuð.<sup>94</sup> Auðveldara er að nálgast einstaklinga með eigindlegri aðferð en megindlegri þegar um tungumálaörðugleika getur verið að ræða,<sup>95</sup> eins og raunin er í eftirfarandi rannsókn. Í viðtölum er gagnanna aflað þegar rannsakandi og viðmælandi eiga orðaskipti. Athöfnin er félagsleg og þátttakendur endurspeglar tilfinningar, hegðun og skynjun. Þessi aðferð þykir einkar hentug og árangursrík þegar reynsla af samskiptum og viðhorf er rannsakað.<sup>96</sup>

Í viðtölum þarf að skapa traust milli spyrjanda og viðmælenda og gera ítarlega grein fyrir hvað gert verður við svörin. Allajafna er þörf að styðjast við ákveðnar spurningar eða fyrirfram ákveðinn viðtalsramma. Algengt er að taka viðtöl á segulbönd, afrita þau og síðan greina. Við greiningu koma efnisatriði fram og heildarsýn fæst. Gildi niðurstaðna er athugað og síðan eru þær túlkaðar eftir þekkingu á viðfangsefninu.<sup>97</sup>

### 6.1 Undirbúningur og framkvæmd

Eftir að hafa aflað mér þekkingar og kynnt mér viðfangsefnið, útbjó ég viðtalsramma með spurningum sem ég vildi fá svör við. Val á úrtaki erlendra viðmælenda minna réðist eftir að ég leitaði til leikskólastjóra og kennara. Ég óskaði eftir aðstoð

---

<sup>93</sup> Sigurlína Davíðsdóttir 2003:222

<sup>94</sup> Sigurlína Davíðsdóttir 2003:230

<sup>95</sup> Rannveig Þórisdóttir o.fl. 1997:21

<sup>96</sup> Helga Jónsdóttir 2003:67

<sup>97</sup> Guðrún Kristinsdóttir 1998:24,26

þeirra og það um að þeir fengju samþykki foreldra um að ég mætti hafa samband við þá og óska eftir viðtali. Kröfurnar sem ég lagði fram voru að foreldrar væru báðir af erlendum uppruna og helst með litla eða enga kunnáttu í íslensku við upphaf leikskólavalar barnsins. Beiðni minni var vel tekið og í framhaldinu valdi ég úrtakið.

Ég leitaði eftir samþykki fræðslustjóra Reykjanesbæjar fyrir viðtölum við stjórnendur leikskólanna og var það góðfúslega veitt. Stjórnendurnir hafa mismikla reynslu af samstarfi við foreldra af erlendum uppruna.

Greini ég fyrst frá niðurstöðum og upplifun foreldranna og síðan stjórnenda. Viðtölin við stjórnendur þróuðust á annan veg en við foreldra og voru áherslur á efnisatriði mismunandi. Loks ber ég saman þessa tvo hópa og finn hvort greina megí mun á upplifun þeirra á samstarfi og samskiptum.

Niðurstöðurnar gefa einhverja mynd af hvernig samskiptum og samstarfi er háttað í leikskólum Reykjanesbæjar. Þær eru engan veginn tæmandi og líklegt að viðmælendur mínir hefðu þurft að vera fleiri en raun ber vitni til að fá áreiðanlegri niðurstöður.

## **6.2 Erlendir foreldrar**

Ég hafði samband við foreldrana ýmist símleiðis eða í tölvupósti. Útskýrði ég tilgang viðtalanna og hvers vegna ég vildi heyra þeirra sjónarhorn. Jafnframt tjáði ég þeim að lengd viðtals yrði ekki meiri en ein klukkustund og það yrði tekið upp á segulband. Þegar samþykki þeirra var fengið var staður og stund ákveðin sem var ýmist á heimili, leikskóla eða á kaffihúsi. Einnig ákváðum við á hvaða tungumáli viðtalið skyldi fara fram. Viðtölin urðu þrjú talsins við foreldra fjögurra barna úr leikskólum bæjarins. Í einu tilviki mættu báðir foreldrar sem eiga sitt móðurmálið hvort og fór viðtalið fram á ensku. Enskuna á þó hvorugt þeirra að móðurmáli. Í öðru voru tvær mæður frá austur Evrópu sem eiga barn í sitthvorum leikskólanum og túlkaði önnur jafnframt fyrir hina á ensku. Þriðja viðtalið fór fram á íslensku við móður frá Póllandi.

Ég þekkti engan viðmælendanna áður en viðtöl fóru fram og til að brjóta ísinn byrjuðum við á léttu spjalli um daginn og veginn. Ég ítrekaði að milli okkar ríkti trúnaður og nafnleynd og að upptöku yrði eytt um leið og ég hefði afritað samtölin.

Ég hóf viðtölin á opinn hátt með og sagði: „Mig langar að heyra þitt álit á hvernig samstarfi og samskiptum leikskólans og foreldra er háttað.“

### 6.2.1 Bakgrunnur foreldra

Eins og fram hefur komið hét ég viðmælendum mín trúnaði og nafnleynd. Ég hef því gefið þeim ný nöfn sem ég styðst við þegar ég greini frá niðurstöðum. Af ástæðum sem ekki verður greint frá eru upplýsingar um heimalönd þeirra mismunandi ítarlegar

**Anna** er frá Póllandi, gift pólskum manni og hafa þau búið á Íslandi í tæp níu ár. Þau eiga tvö börn. Það yngra er fimm ára og er í leikskóla og það eldra er á unglingsaldri. Í leikskólanum eru mörg erlend börn og flest þeirra eru pólsk. Í dag talar Anna og skilur íslenskuna ágætlega og maðurinn hennar líka en móðurmálið tala þau heima. Viðtalið við Önnu fór fram á íslensku.

**María** og maðurinn hennar eru frá Austur-Evrópu og hafa búið hér á landi í um tvö ár. Þau eiga fjögurra ára gamalt barn sem byrjaði í leikskóla fyrir rúmu ári. Í leikskólanum eru nokkur erlend börn. María talar ekki íslensku en getur bjargað sér á ensku og sama má segja um manninn hennar. Viðtalið við hana fór fram á ensku og túlkaði vinkona hennar fyrir hana þegar þess þurfti.

**Lóla** og maðurinn hennar eru samlandar Maríu. Þau hafa búið á Íslandi í hartnær tíu ár. Þau eiga eitt barn á fjórða ári sem hefur verið í leikskóla frá tveggja ára aldri. Í leikskólanum eru fá börn af erlendum uppruna. Lóla virðist skilja íslensku en talar hana ekki mikið og notar fjölskyldan móðurmálið heima. Hún talar ágæta ensku og túlkaði fyrir Maríu í viðtalinu sem fram fór á sama tíma.

**Sabir** er frá Asíu og kona hans, **Sonja** er af evrópskum uppruna. Barnið þeirra er fimm ára og fæddist í heimalandi móðurinnar. Fjölskyldan hefur verið búsett á Íslandi í rúm þrjú ár og barnið verið í leikskóla í um tvö ár. Mörg erlend börn eru í leikskólanum en ekkert af sama uppruna og barn þeirra. Hjónin eiga sitt móðurmálið hvort sem þau tala heima fyrir. Sabir talar og skilur eitthvað í íslensku en ekki Sonja. Viðtalið fór fram á ensku sem þau bæði tala og skilja mjög vel.

## 6.2.2 Viðhorf foreldra

Ég afritaði viðtölin orðrétt og las þau loks vandlega yfir. Í kjölfarið greindi ég efnisatriði og valdi sameiginlega þætti sem komu sterkt fyrir í viðtölunum og byggja niðurstöðurnar á þeim. Helstu efnisatriðin sem niðurstöður byggja á eru:

- Dagleg samskipti og samstarf
- Viðtöl og túlkar
- Menning og trú

### Dagleg samskipti og samstarf

Foreldrarnir eru almennt ánægðir með samskiptin og ekkert þeirra gerir kröfu um að fá skriflegar upplýsingar á sínu móðurmáli. Aðeins er ein erlend móðir sem segist gefa daglegar upplýsingar um hagi barnsins. Erlendu foreldrarnir virðast engir eftirbátar þeirra íslensku þegar kemur að þátttöku í viðburðum á vegum skólans og foreldrafélaganna og mæta til jafns við þá. Pólska móðirin lýsti yfir ánægju sinni með að hafa pólskan kennara. Önnur móðir sagðist ná mestum tengslum við útlendan kennara sem er þó ekki samlandi hennar. Flestir höfðu orð á því að mestu skipti að barnið væri ánægt í leikskólanum.

Þegar ég spurði Önnu um upplýsingar frá leikskóla til heimilis sagði hún þær vera mjög góðar. Upp á síðkastið hafa tilkynningar verið á pólsku, móðurmálinu hennar. En í raun breyti það litlu fyrir hana, því hún talar íslensku, en finnst gott að samlandar hennar njóti þess. Pólskur kennari starfar í leikskólanum og getur hún og aðrir pólskir foreldrar snúið sér til hans ef frekari upplýsinga er þörf. Aðspurð hvort hún veiti leikskólanum upplýsingar um hagi barnsins segist hún ekki gefa sér tíma til þess dags daglega. Hún sé yfirleitt á hraðferð í og úr vinnu en nýti tækifærið í foreldrasamtölum. Aftur á móti er barnið duglegt að segja frá í leikskólanum. Barnið er ánægt og segir hún að það skipti höfuðmáli. Hún segir mikinn mun vera á samskiptum í dag og þegar eldra barnið var í leikskóla og lýsir því svo:

...þær [kennararnir] reyndu að tala en ég talaði ekki íslensku þegar ég kom. Og þegar ég fékk upplýsingar á íslensku tók ég orðabók og túlkaði. Eða hún [kennarinn] notaði hendurnar til að segja mér eitthvað. Það var í lagi. En nú er miklu betra. Fleira fólk talar íslensku og útlendingar eru að vinna í leikskólum, flugstöð og alls staðar. Miklu betra en þegar ég flutti.

Pólski kennarinn var á deildinni sem barnið hennar Önnu var fyrst á. Var hann iðinn við að veita upplýsingar um daglegt starf en nú eru upplýsingarnar mikið til skrifaðar á töflu. Í framkomu kennara gætir engra fordóma og finnst henni þeir koma eins fram við hana og alla aðra og gefa sig á tal við hana. Anna tekur þátt í uppákomum í leikskólanum bæði þeim sem eru á vegum foreldrafélagsins og sem skólinn stendur fyrir og á hún þó nokkur samskipti við íslenska foreldra.

Í leikskólanum sem barnið hennar Maríu er í, eru allar tilkynningar á íslensku og finnst henni það í góðu lagi. Kennararnir eru duglegir að útskýra og segja henni hvað sé verið að auglýsa. Sérstaklega er hún ánægð með einn kennarann sem er útlendingur og gefur sér góðan tíma til að sinna henni. María segist ekki standa sig vel í að koma upplýsingum frá heimili til skóla og man aðeins eftir einu skipti. Ástæðuna segir hún ekki endilega vera tungumálið heldur: „...að það hefur aldrei verið vandamál með barnið. Það er alltaf ánægt.“ Hún segir að það komi samt fyrir að hana langi að spjalla en „...stundum veit ég ekki hvernig ég á að segja það svo ég sleppi því...“ Hún tekur þátt í viðburðum innan skólans og þegar foreldrafélagið er með einhverja fagnaði. Ég spurði hana hvort hún umgengist hina foreldrana og sagði hún ánægð að svo væri. Íslensk kona sem vinnur með henni á barn í leikskólanum og hefur hún töluverð samskipti við hana. Síðan kynnist hún nýverið annarri íslenskri móður.

Lóla segir upplýsingaflæði milli heimilis og skóla vera gott. Hún sé dugleg að veita upplýsingar varðandi hagi barnsins og sama megi segja um leikskólann. Hún hefur svipaða sögu að segja og María um tilkynningarnar sem eru eingöngu á íslensku í leikskólanum. Kennararnir spyrja hana hvort hún skilji og vilji spyrja einhvers varðandi þær. Þeir þýða fyrir hana og ganga úr skugga um að hún skilji. Sagði hún: „...en það er líklega meira vandamál ef einhver talar ekki nógu góða ensku.“ Hún talaði með aðdáun um vinkonu sína Maríu og sagði:

Áður en hún [María] var farin að tala ensku, tókst henni einhvern veginn að tala við fólk. Ég veit ekki hvernig. Sjálf gat ég það ekki áður en ég lærði ensku.

Lóla segist mæta á viðburði í skólanum. Hún hefur farið á fund hjá foreldrafélaginu og langar að bjóða fram hjálp sína þegar félagið undirbýr jólaballið.

Sonja og Sabir vilja fá sem mestar upplýsingar skriflegar og fá þau til dæmis alltaf dagskipulagið á íslensku og finnst það gott. Auðvitað myndu þau kjósa að fá



þær á ensku en finnst mjög skiljanlegt að svo sé ekki. Sonja sagði: „Við erum útlendingarnir, við komum hingað. Hvers vegna ætti það að vera, við erum þau einu.“ Er hún að vísa til þess að enginn af sama þjóðerni og þau eigi barn í leikskólanum.

Í leikskólanum eru tilkynningar á pólsku auk íslensku og finnst Sabir að sama eigi að gilda fyrir alla. Ef tilkynningar eru á fleiri tungumálum en íslensku væri réttast að hafa þær á öllum þeim tungumálum sem töluð eru á heimilum barnanna í leikskólanum. Benti hann á að þeir útlendingar sem eru í minnihluta séu með minna tengslanet en þeir sem eru í meirihluta. „...þeir eru kannski fáir og geta ekki talað við hvern annan og fengið upplýsingar,“ sagði hann. Að sögn veita þau nauðsynlegustu upplýsingar um hag barnsins og tilkynna veikindi, frí og þess háttar. Samskipti við kennara fara aðallega fram á ensku og ganga yfirleitt vel. Þó eru sumir kennarar feimnari en aðrir að tjá sig. Þau fá alltaf helstu upplýsingar um hvernig dagurinn gekk og hvað til standi að gera á næstu dögum. Foreldarnir mæta ávallt þegar þeim er boðið á sérstaka viðburði í skólanum. Samskipti við aðra foreldra eru ekki mikil. Þó þekkja þau einhverja sem vinna á sama stað og þau og eru með börn í sama leikskóla. Þau leggja mesta áherslu á ánægju barnsins og að það sé sátt við að fara í leikskólann, sem það er.

Ég spurði alla viðmælendur mína hvort þeir könnuðust við *Aðalnámskrá leikskóla*. Enginn hafði heyrt á hana minnst og benti ég þeim á að hana mætti nálgast á Netinu á íslensku og á ensku. Þar væru upplýsingar sem gætu komið þeim til góða og til að fylgjast með hvort leikskólinn uppfylli þær kröfur sem þar eru gerðar. Fannst þeim athyglisvert að heyra af þessu og lýstu yfir áhuga að kynna sér hana.

### **Viðtöl og túlkar**

Þegar talið barst að fyrsta viðtali og foreldraviðtölum kom í ljós að öllum hafi staðið til boða túlkaþjónusta en enginn viðmælendanna hafi þegið hana. Ástæður þess voru af margvíslegum toga.

Anna, sem er með annað barn sitt í íslenskum leikskóla, sagði að hana hafi ekki vantað aðstoð þegar barnið byrjaði, enda talaði hún íslensku og „...ég geri allt sjálf.“ Hún fékk helstu upplýsingar í fyrsta viðtali og telur að þær hafi verið nægar. En þegar eldra barnið byrjaði í leikskóla sagðist hún hafa verið í vandræðum. Þá voru þau nýflutt til landsins og bjuggu í öðru sveitarfélagi. Leikskólinn bauð ekki

upp á túlk en hún gat stundum kallað á samlanda sinn sem túlkaði fyrir hana. Ekkert annað erlent barn var í leikskólanum á þeim tíma og var upplýsingum oft ábótavant. Barnið var hins vegar fljótt að læra íslensku og sagði foreldrum sínum hvað til stæði í leikskólanum.

Hjónin Sonja og Sabir segja að öll viðtöl fari fram á ensku. Sabir hafði þetta um túlkaþjónusta að segja þegar ég spurði hvort leikskólinn hafi boðið slíka:

Jú, hann býður túlkaþjónustu en við höfum ekki krafist þess.  
Kennararnir tala ensku og það er mikill kostnaður að fá túlk.  
Hvers vegna ættum við að bæta á kostnað leikskólanna?

Ég tók undir og sagði að vissulega væri það kostnaðarsamt en gæti verið vel þess virði í mörgum tilfellum. Hann samsinnti en sagði að þau hjónin tali það góða ensku svo það væru engin vandræði hjá þeim. Aðspurð hvort þau hafi fengið nægilegar upplýsingar í fyrsta viðtali töldu þau svo vera. Þau voru búin að afla sér upplýsinga hjá öðrum foreldrum og í viðtalinu var þeim meðal annars sýnd heimasíða leikskólans. En vissulega væri alltaf eitthvað sem á vantaði því: „...maður vill alltaf vita meira, hvernig þetta og hitt er gert.“ Hins vegar voru þau ekki spurð um eigin menningu og verður nánar fjallað um það síðar.

María sagði að vinur hennar sem á barn í sama leikskóla hafi túlkað fyrir hana í fyrsta viðtali og túlkar enn ef þess er þörf. Lóló vinkona hennar afpakkaði túlk í fyrsta viðtali og öðrum foreldraviðtölum enda segist hún tala ensku og skilja eitthvað í íslensku. Báðar sögðu að upplýsingarnar sem þær fengu í fyrsta viðtali hafi verið nægjanlegar en voru lítið spurðar um eigin hag. Þær voru sammála um nauðsyn þess að leikskólinn byði upp á túlkaþjónustu því ekki væru allir sem vildu biðja vini sína aðstoðar.

Allir foreldrar fengu upplýsingar um leikskólann í fyrsta viðtali en eingöngu á íslensku. Flestir voru þeir sammála um að bæklingur á ensku gæti hjálpað fleirum að gera sér grein fyrir starfinu sem þar fer fram. Viðmælendur mínir vildu greinilega bjarga sér sjálfir og hafa öll afpakkað túlkaþjónustu sem leikskólarnir bjóða. Anna hefði eflaust þegið hana þegar hún var nýflutt til landsins og mállaus á íslenskuna. Hinir bjarga sér á enskunnni og María nýtur aðstoðar vinar.

Ég spurði alla hvernig þeim hefði litist á að hafa fyrsta viðtal sem heima-  
viðtal.<sup>98</sup> Öll hváðu þau því ekkert hafði heyrt á slíkt minnst. Eftir að ég útskýrði  
hvað átt væri við voru svörin á einn veg: „...örugglega betra og sérstaklega fyrir  
börnin.“ „...held það sé betra að krakkarnir hitti kennarann í fyrsta sinn heima hjá  
sér, af því að heima er best.“ „Ágætis hugmynd, börnin verða opnari.“ „Mér þætti  
ekkert að því, barnið sér kennarann sitja og tala við mömmu sína. Það er gott.“ Af  
viðbrögðum má greina að heimaviðtal er góður kostur í hugum foreldra og sjá þau  
fyrst og fremst hag barnsins með slíku viðtali.

### **Menning og trú**

Sabir, Sonja og barnið þeirra búa við þrenns konar menningu. Þau setja heima-  
menningu sína ekki í forgang og vilja að barnið alist upp við íslenska siði og venjur.  
Þau fagna vissulega eigin hátíðum en vilja ólm læra meira um íslenska menningu.  
Nýverið sóttu þau kynningu á bókasafni bæjarins þar sem kynntar voru helstu  
hátíðir Íslendinga. Sonja sagði:

Auðvitað getum við kannski ekki gert alveg eins og Íslendingar  
en við getum eitthvað. Ég veit kannski ekki hvað á að elda,  
svona smáatriði. Kannski smakkast maturinn ekki eins.  
Gjafirnar ekki eins og þið eruð vön. En við reynum eins og við  
getum.

Sabir tók undir með konu sinni og sagði síðan að líklega vissu þau nóg um  
menningu leikskólans og þegar barnið kæmi í grunnskólann myndu þau fræðast enn  
meira. Hvorki leikskólinn né þau hafa gengið langt í að gera heimamenningu fjöl-  
skyldunnar sýnilega í leikskólanum. En móðirin hefur látið barnið klæðast þjóð-  
búningi frá heimalandi föður í nokkur skipti. „Við höfum ekki gengið lengra í þeim  
efnum“ sagði hún. Þau hafa ekki verið spurð í leikskólanum hvort trúarsíðir þeirra  
stangist á við þá íslensku. Þeim finnst í góðu lagi að barnið farið í kirkju með  
leikskólanum því þau vilja að það taki þátt í öllu starfinu. Það skiptir þau engu máli  
hvaða kirkja það er og eins og Sonja sagði: „Það er einn Guð.“

María og Lóla segja að í leikskólunum sem börnin þeirra eru hafi þær ekki  
verið spurðar sérstaklega um menningu og trú. Finnst hvorugri þeirra það skipta  
miklu þó báðar tilheyri þær annarri kirkju. Þær eru ekki trúræknar og segja að ef

---

<sup>98</sup> Sjá kafla 4.1

börnin vilji fara í kirkju þá megi þau það. Þeim finnst menningarmunur heimalands og Íslands vera smávægilegur og ekkert tiltökumál. Báðar halda þær upp á íslenskar hátíðir og segja að það sé skemmtilegt fyrir börnin. Þau njóti góðs af tveimur menningarheimum og hátíðunum sem fylgja. María sagði að nýverið hafi leikskólinn farið að gera heimamenningu barnanna sýnilega. Þjóðfánar landa þeirra eru í fatahólfum og kveðjur á móðurmáli þeirra eru á veggjum.

Anna segir að þegar börnin hennar hafi byrjað í leikskóla hafi hún ekki verið innt eftir menningu eða trú fjölskyldunnar. Telur hún að þegar yngri barnið byrjaði hafi fjölskyldan verið búsett lengi á landinu og kennurum því ekki fundist ástæða til. En aftur á móti hafi tungumálaörðugleikar sett svip sinn á samskiptin þegar eldra barnið hóf sína leikskólagöngu. Núna er henni sagt þegar leikskólinn hyggur til dæmis á kirkjuferðir og setur hún sig ekki á móti slíku. Fjölskyldan fagnar íslenskri menningu jafnt sem eigin, segir hún, og heimamenningin stangast ekki á við menningu leikskólans. Í dag lítur fjölskyldan svo á að hún sé hálf íslensk og barnið „...finnur ekki að það er Pólverji.“ Hún segir pólska menningu mjög sýnilega í leikskólanum. Það sé vegna fjölda landa hennar sem sækja skólann og allra tilkynninga á veggjum sem eru á pólsku jafnt sem íslensku.

Enginn innan fjölskyldnanna er sérstaklega trúrækin og viðrast þær ekki setja menningu eða trú efst á blað. Allar eiga þær sameiginlegt að halda í eigin hefðir en vera jafnframt virkir þátttakendur í íslenskri menningu og halda hátíðir til jafns við Íslendinga.

### **6.3 Stjórnendur í leikskólum**

Ég hafði úr stjórnendum níu leikskóla að velja. Það sem réði að viðkomandi urðu fyrir valinu var að þeir eiga mislangan starfsferil að baki eða frá nokkrum árum upp í áratugi. Þeir eru allir leikskólakennaramenntaðir og tveir með framhaldsnám að auki. Allir hafa þeir átt samskipti við erlendar fjölskyldur í leikskólunum þó reynsla þeirra sé mismikil. Þeir voru einnig efstir á listanum hjá mér og ég náði sambandi við þá í fyrstu tilraun. Ég skýrði fyrir þeim tilganginn með viðtölunum og að mig langaði að heyra hvað þeir hefðu að segja um samskipti og samstarf við erlenda foreldra. Þeir tóku allir vel í bón mína og var ákveðið hvenær við myndum hittast. Í öllum tilfellum fór ég í leikskólann til þeirra. Ég tjáði þeim að lengd viðtals yrði innan við ein klukkustund. Ég fékk samþykki fyrir að taka viðtölin upp á segulband

og eyða upptökunni þegar ég hefði afritað þau. Ég lofaði að gæta nafnleyndar en til hægðarauka hef ég gefið þeim nöfn svo auðveldara sé að gera greinarmun á skoðunum þeirra. Ég hóf viðtölin við stjórnendurna á sama hátt og við foreldrana með því að segja: „Mig langar að heyra þitt álit á hvernig samstarfi og samskiptum leikskólans og foreldra er háttað.“

### 6.3.1 Bakgrunnur stjórnenda

Viðmælendurnir eru kvenkyns stjórnendur og koma fram undir dulnefni. Ekki er getið um nafn leikskólanna sem þær starfa í. Hér gegna þær nöfnunum: **Katrín**, **Steinunn** og **Vera**.

### 6.3.2 Viðhorf stjórnenda

Eftir að hafa afritað upptökurnar og lesið þær margsinnis fann ég eftirfarandi efnisatriði sem niðurstöðurnar byggja á:

- Viðtöl og túlkar
- Dagleg samskipti og samstarf
- Móttökuáætlun

#### Viðtöl og túlkar

Ég spurði viðmælendur mína hvort þeir nytu aðstoðar viðurkennds túlks, eins og frá Alþjóðahúsi, í fyrsta viðtali við erlendar fjölskyldur. Kom í ljós að enginn þeirra þriggja hafi gert það. Aðeins einn leikskólanna kallar nær alltaf til túlk í foreldrasamtölum, annar hefur gert það einu sinni og sá þriðji aldrei.

Ekki eru mörg börn í leikskólanum hjá Katrínu sem eiga báða foreldra erlenda. Síðast þegar erlent barn byrjaði í leikskólanum hringdi vinnuveitandi föðurins í leikskólann og sagði að foreldrarnir töluðu smávegis í ensku og ekki væri þörf á túlki. Hefur þeim síðan verið boðið upp á túlk í foreldraviðtölum sem þau hafa ekki þegið. Sama er upp á teningnum hjá öðrum fjölskyldum í viðtölum. Hún segir að oft hafi leikskólinn takmarkaðar upplýsingar um foreldrana í upphafi og viti kannski ekki hvort þeir tali ensku. Í svona litlu samfélagi þekkjast margir og sagði Katrín:

...þetta er dáldið erfitt vegna þess að þeim er ekki alltaf sama hver túlkar. Þannig að í rauninni þyrftum við alltaf að kalla til túlk frá Reykjavík. Og ég veit að í sumum leikskólum þá hefur verið fenginn túlkur og þegar hann hefur komið á staðinn hefur fólks sagt: Nei, þessi túlkar ekki fyrir mig.

Vera nefndi dæmi úr sínum leikskóla um eitt barn sem búið er að vera á annað ár í skólanum og tala foreldarnir eingöngu móðurmálið, litla sem enga íslensku og enga ensku. Hún sá að nauðsynlegt væri að fá túlk í foreldraviðtal, sem var fyrir skömmu, og fékk hann frá Alþjóðahúsi. Lýsti Vera yfir ánægju sinni með það en sagði jafnframt að túlkurinn hefði mátt hafa betri skilning á íslenskunni. Henni tókst að koma ýmsum upplýsingum til skila og móðirin, sem mætti ein í viðtalið, og hún voru sáttar við útkomuna. Varðandi túlkaþjónustu hafa Katrín og Vera svipaðar skoðanir. Eins og Vera orðaði það:

Maður veit ekkert hvað kemst til skila. Ég tel það rosalega mikilvægt að hafa túlk. En það er bara svo oft að fólk vill ekki túlkinn því það vill ekki láta samlanda sína kannski vera inni þeirra lífi....Skiptir líka miklu máli að foreldrar fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á....Við eigum að ganga svolítið langt í því. Segja bara að viljum það og óskum eftir því.

Vera sagði að fyrir tíu árum hefðu engin börn af erlendum uppruna verið í leikskólanum. Miklar breytingar hefðu orðið á skömmum tíma og væru margir leikskólar komnir skammt á veg í fjölmenningarstarfi.

Töluvert er um erlend börn í leikskólanum hjá Steinunni og margir Pólverjar eru þar á meðal. Hefur pólskumælandi kennari í leikskólanum verið til aðstoðar þegar þeir koma í fyrsta viðtal. En í foreldrasamtölum eru ávallt kallaðir til túlkar frá Alþjóðahúsi þegar um tungumálaörðugleika er að ræða. Hún segir að:

...sumir vilja náttúrulega ekki fá túlk, sumir foreldrar. En við reynum að hvetja þau eindregið til þess. Af því það er miklu betra....Eins og hún [X] okkar [pólski kennarinn], hún hefur algerlega bjargað okkur. Við fáum Pólverja inn á gólf sem kunna enga íslensku og enga ensku....Þegar við náum í [X] þá er bara eins og þetta fólk hafi fengið happadrættisvinning þegar einhver kemur sem talar pólsku.

Allir viðmælenda eru sammála um gildi þess að hafa túlk í viðtölum en misjafnt hvort eða hvernig því er fylgt eftir. Í þeim tilvikum sem annað foreldrið er íslenskt

hafa leikskólarnir þrír boðið túlk fyrir hitt foreldrið en allir afþakkað. Barst í tal í öllum viðtölunum hve lengi það mætti teljast sjálfsagt að leikskólinn byði túlkþjónustuna. Hvort fólk sem hefði búið á landinu í fimm eða tíu ár ætti ekki öllu jafna að vera með nægilega íslensku kunnáttu til að sleppa mætti túlki? Ekki komumst við að niðurstöðu en vorum sammála um að slíkt þyrfti að taka til athugunar.

Það getur verið erfitt fyrir leikskólakennara að átta sig á högum og þroska barnsins þegar litlar eða engar upplýsingar liggja fyrir eftir fyrsta viðtal. Ekki má vanmeta hversu mikið gildi slíkt hefur fyrir kennarana. Í aðalnámskrá er lögð áhersla á að leikskólakennarar fái slíkar upplýsingar í upphafi leikskólagöngunnar.<sup>99</sup> Því má ætla að leikskólarnir séu að bregðast ákvæðum sem þar eru með því að fylgja þeim ekki eftir. Ég spurði stjórnendurna hvort þeir hafi bent foreldrum á að kynna sér *Aðalnámskrá leikskóla* sem þeir höfðu ekki gert. Þá spurði ég hvort þeir hefðu séð ensku útgáfu hennar en engum var kunnugt um hana.

Ég kannaði hvort leikskólarnir hefðu boðið foreldrum heimaviðtal og reyndist svo ekki vera. Enginn hafi velt þeim möguleika fyrir sér en öllum fannst athugandi að kanna nánar kosti þeirra. Þetta hafði Katrín um heimaviðtölin af segja:

Mér finnst allt í lagi ef öllum aðilum finnst það þægilegt. Ég er ekki endilega viss um að það sé málið, að fólki finnst það þægilegt. Annars hefur það aldrei verið rætt hérna. En mér finnst það í góðu lagi. Það má prófa. Þetta hlýtur að vera dálítill skipulagning.

### **Dagleg samskipti og samstarf**

Vera og Katrín segja að allar upplýsingar og tilkynningar í leikskólum þeirra séu eingöngu á íslensku. Kennarar þýða og segja foreldrum hvað sé verið að auglýsa og reyna að ganga úr skugga um að þeir skilji rétt. Á veggjum í leikskólanum hjá Katrínu eru nýkomnar kveðjurnar „Góðan daginn“, „Takk fyrir daginn“ og „Bless“ á móðurmáli allra barnanna auk þess sem fánar heimalanda þeirra eru í fatahólfunum. Segir hún að fólk hafi lýst yfir hrifningu sinni af þessu framtaki þeirra.

Flest erlendu börnin í leikskólanum hjá Steinunni eru pólsk. Því hefur verið brugðið á það ráð að hafa tilkynningar til foreldra einnig á pólsku. Fréttabréfið hefur

---

<sup>99</sup> *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:31

ekki verið þýtt en til stendur að þýða annað hvort námskrána eða bæklinginn sem foreldrar fá í hendur þegar barnið byrjar í leikskólanum. Með því vonast hún til að foreldrar láti sig varða meira um starfið í leikskólanum og þeir fari að gera kröfur. Segir hún að margir erlendir foreldrar vinni mikið og hennar tilfinning er að sumir hverjir séu ekki að sækjast eftir miklu af leikskólans hálfu.

Kennararnir eru meðvitaðir um að upplýsa þá sem ekki skilja tilkynningarnar til að vera vissir um að allir fái sömu skilaboð. En oft virðist að þeir segist skilja meira en þeir gera. Foreldrar mættu að hennar mati vera duglegri að upplýsa kennara um hagi barnsins og sagði hún:

Þeir vilja standa sig vel. En það er kannski ekkert rosa mikið af upplýsingum sem maður fær. Ef ég ber saman við íslensku foreldrana þá eru þeir kannski aðeins svona lokaðri...En stundum hefur maður á tilfinningunni að þau viti lítið hvað er að gerast. Og þá veit maður ekki hvort það er tungumálavandamál eða hvað sem spilar þar inni.

Undir þetta taka þær Vera og Katrín en segja báðar að vissulega séu undantekningar. Vera sagði:

...við þurfum að lesa soldið í hlutina. Það [samskiptin] mætti vera meira...en maður skilur það sjálfur...við viljum minni samskipti við það fólk sem við getum ekki alveg talað við.

Allar segja að þegar annað foreldrið er íslenskt eru meiri samskipti við leikskólann en aftur á móti haldi erlenda foreldrið sig oft til hlés. Katrín lýsti yfir mikilvægi þess að hafa öll eyðublöð og bæklinga á öðrum tungumálum og sérstaklega á ensku því að: „Maður veit ekki einu sinni þegar annað foreldrið er íslenskt hvað kemst til skila til hins.“

Steinunn segir erlendu foreldrana duglega að mæta í leikskólann þegar þeim er sérstaklega boðið. „Þeim finnst það mjög gaman og þeir eru rosa þakklátir fyrir allt.“ Þeir blanda geði við aðra foreldra en þó aðallega samlanda. Segir hún að merkja megi mikla breytingu á hugarfari foreldra frá því í aðlögun barnsins. Þá hafi þeir varla tíma vinnunnar vegna að taka þátt í aðlögunarferlinu en þegar líður á dvöl þeirra er eins og það breytist. Heldur hún að ástæðuna megi rekja til þess að þá séu þeir komnir meira inn í menninguna og skilji hana betur.



Katrín og Vera segja misjafnt hve mikinn þátt erlendir foreldrar taki í starfi barnsins og þegar þeim er boðið á viðburði á vegum skólans og foreldrafélagsins. Yfirleitt sé þátttakan betri þegar annað foreldrið er íslenskt og ber þeim saman um að asískir foreldrar taki minnstan þátt. Engar haldbærar skýringar eru hvers vegna þátttaka þeirra er minni. Hafði Katrín orð á að jólaball foreldrafélagsins hefði heppnast sérstaklega vel vegna góðrar mætingar fjölskyldna. Það hefði eflaust verið vegna þess að: „...við pressuðum á alla að mæta og þau komu. Ýttum á þau og töluðum við báða foreldra.“ Þess má geta að í einum leikskólanna þriggja er eitt erlent foreldri í stjórn foreldrafélagsins.

### **Móttökuáætlun**

Ég innti þær allar eftir hvort leikskólinn hefði móttöku– eða aðgerðaráætlun varðandi erlendar fjölskyldur. Sögðu þær svo ekki vera en mottóið væri að taka vel á móti öllum sama af hvaða uppruna fólk væri. Allar leggja þær áherslu á í sínum leikskólum að kennarar brýni við erlenda foreldra nauðsyn þess að þeir tali móðurmálið við börnin sín. Þá binda þær Steinunn og Katrín vonir sínar við að eitthvað komi út úr því starfi sem fjölmeningarhópin<sup>100</sup> vinnur að.

Steinunn sagði að verkefni þessa árs, 2008, væri að gera áætlun varðandi leiðir og stefnu. Hún vildi að fram kæmi að fjölmening væri hluti af starfinu og ekki ætti að taka einn hóp fram fyrir annan eða breyta starfinu á neinn hátt. „Þú veist,“ sagði hún, „ef barn með Down Syndrome kemur í leikskólann þá förum við ekki að setja myndir af börnum með Down Syndrome upp á vegg.“ Í hópasamveru, sagði hún sem dæmi, væri hægt að flétta uppruna barna í starfið með að finna heimalönd eða bæjarfélög sem börnin koma frá og á landakorti. Þegar tekið er á móti nýjum fjölskyldum sagði Steinunn:

...reynum við að fá miklar upplýsingar. Við leitumst eftir hvaða tungumál þau tala á heimilinu og í hvernig vistun þau hafa verið. Við reynum bara að spyrja og spyrja til að nálgast fjölskyldurnar eins og við getum og skilja þeirra aðstæður. Og þú veist, varðandi trúna, jólin, hvort þau megi halda jól. Reynum að fá sem mestar upplýsingar.

Katrín vill sjá móttökuáætlun í leikskólum. Hún telur það mikilvægt, þá sérstaklega ef hælisleitendur koma í leikskólana. Í slíkri áætlun þyrftu líka að vera helstu

---

<sup>100</sup> Sjá kafla 5.2.2

upplýsingar um siði og venjur ólíkra þjóðfélagshópa. Einnig segir hún að dvalarsamningar þyrftu að vera ítarlegri. Til dæmis þyrfti að spyrja um trúarbrögð, hvort barnið megi fara í kirkju og þess háttar. Hún sagði að enn hafi það ekki komið fyrir að erlent barn mætti ekki taka þátt í íslenskum hátíðum eða fara í kirkju fyrir jólin, eins og tíðkast að gera í leikskólanum. Hins vegar kom nýlega upp slíkt atvik hjá íslenskri fjölskyldu og vissulega þyrfti því að taka tillit til allra hópa.

Aðalmálið er að upplýsa foreldra eins vel og hægt er, sagði Vera. Ákveðið ferli færi í gang þegar von væri á nýjum fjölskyldum. Engin áætlun væri sérsniðin að þeim erlendu en vissulega mætti úr því bæta. Hún sagði mikilvægt að vita hverjar hefðir og venjur fjölskyldunnar væru „...þá skiptir mjög miklu máli að við upplýsum hvað er viðeigandi í okkar samfélagi.“ Öllum væri gert ljóst hvaða þjónusta fengist í leikskólanum og sérstök áhersla væri á að þjálfa barnið í íslensku máli. Í leikskólanum er vel fylgst með þroska og líðan barnanna. Nefnir hún erlent barn í leikskólanum sem fluttist í annað bæjarfélag. Barnið var með slakan málþroska og fannst henni ástæða til að heimsækja nýja leikskóla barnsins og upplýsa kennara um stöðu þess. Þannig fylgir leikskólinn fjölskyldunni frá byrjun þar til barnið hættir.

## 7. Samanburður á viðhorfum foreldra og leikskólastjórnenda

Hér er gerður samanburður á viðhorfum hópanna tveggja, erlendra foreldra og stjórnenda leikskóla, til samstarfs og samskipta með því að rýna í niðurstöður viðtalanna. Skoðað verður hvort áherslumunur er merkjanlegur og þá hvernig hann birtist. Eitt efnisatriðanna, móttökuáætlun, kom eingöngu fyrir í viðtölum við stjórnendur og er að mínu mati mikilvægt atriði. Fjalla ég um það en hef ekki sjónarmið foreldra til viðmiðunar.

Niðurstöður samanburðar benda til að foreldrar séu sáttir við samstarfið en stjórnendum finnst að eitt og annað mætti vera betra. Foreldrarnir vilja það besta fyrir sín börn og ef þau eru ánægð eru þeir það líka. Þeir segja að vissulega kæmi það sér vel að hafa upplýsingar og bæklinga um leikskólann á þeirra móðurmáli eða ensku en enginn gerir kröfu um það. Leikskólarnir leggja áherslu á að upplýsingar komist rétt til skila en eru ekki alltaf vissir um að svo sé. Foreldrar segja að þeir fái allar upplýsingar hvort sem þær eru skriflegar á þeirra máli, ensku eða íslensku eða munnlegar frá kennurum. Dagleg samskipti við leikskólana virðast vera upp og ofan og það sem einum finnst vera nóg finnst öðrum á vanta. Að mati kennaranna mættu foreldrar vera duglegri að upplýsa leikskólann um hagi barnanna. Þetta styður niðurstöður rannsókna sem segja að breytilegt sé hvað fólk telur vera gott foreldrasamstarf.<sup>101</sup>

Samkvæmt Smidt geta trúarbrögð oft verið fyrirstaða samstarfs og Eggen og Kauchak taka undir og bæta við að menningarmunur hafi líka áhrif.<sup>102</sup> Hér er hins vegar álit beggja hópa að þátttaka í viðburðum á vegum leikskóla eða foreldrafélaga sé ágæt. Menning eða trúarbrögð þessara fjölskyldna hafa ekki áhrif á þátttöku og vilja þær tileinka sér íslenska siði og venjur.

Öllum viðmælendum er kunnugt um að þeim standi til boða að fá túlka í viðtölum en enginn hefur þegið slíka aðstoð og liggja mismunandi ástæður að baki. Einn talar íslensku og hinir sem eru enskumælandi telja að samtöl við kennara geti farið fram á ensku. Þá nefndi einn að kostnaðurinn við að fá túlk væri mikill fyrir leikskólana og því óþarfi. Jafnvel foreldrið sem talar litla sem enga ensku segir allt vera í fínasta lagi. Stjórnendur voru hins vegar sammála um mikilvægi þess að

---

<sup>101</sup> Trumbull o.fl. 2001:31. Sjá kafla 4.3

<sup>102</sup> Smidt 2007:38; Eggen og Kauchak 2004:441. Sjá kafla 4.3

túlkur væri viðstaddur viðtöl við erlenda foreldra. En þó hafði enginn þeirra séð ástæðu að krefjast þess í fyrsta viðtali.

Þegar samskipti fara fram á öðru tungumáli en móðurmáli geta upplýsingar hugsanlega misfarist. Vitna ég í sérkennslufulltrúa Reykjanesbæjar um að leikskólar ættu að setja sér vinnureglur. Til að koma í veg fyrir misskilning væri ráð að segja foreldrum að túlkurinn væri ekki síður fyrir kennarana en þá.<sup>103</sup> Millam talar um nauðsyn þess að hafa túlk í fyrsta viðtali til að upplýsingar komist örugglega til skila. Einnig svo foreldrar geti komið skoðunum á framfæri og spurt spurninga.<sup>104</sup>

Má því segja að boltinn sé hjá leikskólunum ef samstarfi er ábótavant. Allt bendir til að leikskólar verði að hafa frumkvæði að foreldrasamstarfi því foreldrar stíga ekki fyrsta skrefið.<sup>105</sup> Í aðalnámskrá kemur fram að leikskólanum beri að veita öllum foreldrum sömu fræðslu og upplýsingar um starfið.<sup>106</sup> Það getur reynst erfitt að fylgja þessu ákvæði eftir þegar tungumálið er fyrirstaða, enginn túlkur er í samtölum og upplýsingar eingöngu á máli innfæddra. Má draga þá ályktun að ekki fari allir leikskólar eftir þessu ákvæði aðalnámskrár.

Í kafla 4.1 er fjallað um heimaviðtöl og góð áhrif þeirra á samstarf leikskóla og heimila. Kennarar jafnt sem foreldrar eru sammála um gagn þeirra.<sup>107</sup> Fróðlegt fannst mér að heyra skoðanir viðmælenda á heimaviðtölum og hve álit foreldra ber saman við það sem skrifað hefur verið. Þeim leist mjög vel á fyrirkomulagið og hefðu kosið slíkt viðtal hefði þeim staðið það til boða. Höfðu þeir sérstaklega í huga velferð barnsins og hve góð áhrif það hefði á það. Afstaða kennara var ekki eins afgerandi og foreldra. Höfðu þeir ekki hugleitt þennan möguleika í sínum leikskólum en fannst þess virði að kanna nánar þennan kost.

Enginn leikskólanna þriggja er með áætlun um hvernig standa skuli að móttöku erlendra fjölskyldna. Stjórnendur eru hins vegar sammála um að þörf sé á úrbótum. Í einum leikskólanna liggur fyrir að gera áætlun um leiðir og stefnu skólans í þeim málum. Þá fannst öðrum að móttökuáætlun væri sérstaklega mikilvæg ef leikskólar tækju á móti hælisleitendum og taka þyrfti dvalarsamninga til endurskoðunar til að fá ítarlegri upplýsingar um hagi fjölskyldna. Tveir af

<sup>103</sup> Ingibjörg Bryndís Hilmarsdóttir 2008. Sjá kafla 5.2.2

<sup>104</sup> Millam 2002:39. Sjá kafla 4.1

<sup>105</sup> Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir 2006:44; Hanna Ragnarsdóttir 2004:91,105

<sup>106</sup> *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:32

<sup>107</sup> Guðrún Pétursdóttir 2003:151; Millam 2002:33; Smidt 2007:174; Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir 2006:39. Sjá kafla 4.1

þremur stjórnendum binda vonir við að fjölmenningshópur leikskólanna komi með tillögur til úrlausnar. Sjá má í kafla 5.2.2 að tilgangur fjölmenningshópsins er að þátttakendurnir skiptist á hugmyndum og styrki leikskólana í að móta námskrár með áherslu á fjölmenningu.<sup>108</sup>

---

<sup>108</sup> Ingibjörg Bryndís Hilmarsdóttir 2008

## 8. Lokaorð

Í köflunum hér að framan hefur verið gerð grein fyrir helstu einkennum fjölmenningsfélags og sjónum einkum beint að Reykjanesbæ. Þegar ég athugaði íbúasamsetningu bæjarins kom það mér í opna skjöldu hversu margir eiga annað ríkisfang en íslenskt. Þeir eru um 1.200 eða nær 10% bæjarbúa og eru af margvíslegum uppruna. Í leikskólasamfélaginu er hlutfall barna af erlendum uppruna álíka eða um það bil 10% af um 900 leikskólabörnum.

Fjölmenningsstefna bæjarins var skoðuð og hvernig leikskólarnir bregðast við fyrir sitt leyti. Leiðir að farsælu samstarfi leikskóla og heimila hafa verið ræddar, einkum með tilliti til fjölskyldna af erlendum uppruna. Tekin voru viðtöl við nokkra erlenda foreldra leikskólabarna og stjórnendur í leikskólum til að fá svör við rannsóknarspurningunni sem var tvíþætt: „Hvernig er samstarfi og samskiptum leikskólans og erlendra fjölskyldna háttað?“

Viðtölin lýsa upplifun og viðhorfum fárra einstaklinga í leikskólasamfélaginu. Því er ekki hægt að alhæfa út frá þeim eða fullyrða að niðurstöðurnar gefi nákvæma mynd af því hvernig samskiptum og samstarfi er háttað í öllum leikskólum. En þær lýsa vissulega viðhorfum þátttakenda og vekja upp spurningar um hvort eins sé í öðrum leikskólum.

Helstu niðurstöður benda til ánægju foreldra með samstarf og samskipti. Stjórnendur telja hins vegar að margt megi bæta og að skortur sé á upplýsingum frá heimilum til leikskóla og sagði einn: „...þeir vilja standa sig vel. En það er kannski ekkert rosa mikið af upplýsingum...“ Hvorki hefur verið krafa af hálfu leikskólanna né foreldranna að túlkur sé í fyrsta viðtali. Allir nema eitt foreldrið segjast bjarga sér með að tala ensku í viðtölum. Heimaviðtöl hafa ekki staðið foreldrum til boða en ef svo hefði verið hefðu þeir nýtt sér þann kost. Stjórnendur höfðu ekki hugleitt að bjóða heimaviðtöl en vilja kanna þann möguleika nánar. Menning og trúarbrögð fjölskyldnanna stendur ekki í vegi fyrir þátttöku þeirra í foreldrasamstarfi. Sagði einn stjórnandinn þá sérstaklega þakkláta þegar þeim væri boðið í leikskólann og „...þeim finnst það mjög gaman...“ Enginn leikskólanna, sem viðmælendur mínir komu frá, hafði sérstaka áætlun við móttöku erlendra fjölskyldna.

Samanburður á viðtölum við foreldra og stjórnendur styður að nokkru leyti tilgátu mína sem ég greindi frá í byrjun. Hún er að samskiptaleyfi eða vöntun á

samstarfi sé algengari við erlenda foreldra en innlenda.<sup>109</sup> Stjórnendur voru sam- mála um að svo væri og vildu gjarnan bæta þar úr. Foreldrar virtust hins vegar vel við una og gerðu ekki kröfur um breytingar. Samkvæmt Trumbull er breytilegt hvað fólk telur þátttöku í foreldrasamstarfi.<sup>110</sup> Hugmyndir og væntingar foreldra eru því að öllum líkindum af öðrum toga en stjórnenda. Foreldrar sögðu allir að ánægja barnanna skipti þá mestu máli. Kemur það heim og saman við niðurstöður rannsóknar Hönnu Ragnarsdóttur um að foreldrar trúu að þeir geri rétt og það sem börnunum er fyrir bestu.<sup>111</sup> Stjórnendur leggja línurnar í leikskólastarfinu og telji þeir þörf á bættum samskiptum er ábyrgðin þeirra að stíga fyrsta skrefið.

Samstarf heimilis og leikskóla hefst áður en barnið byrjar leikskólagönguna og upphafið er sá grunnur sem komandi starf byggir á. Þegar foreldrum er gert kunnugt um rétt sinn og hvert hlutverk þeirra og leikskólans er, aukast líkurnar á þátttöku þeirra. Ég álít að möguleikar erlendra foreldra til samstarfs séu oft minni en annarra sökum tungumálaörðugleika. Þegar sá dagur rennur upp að allir foreldrar fá sömu upplýsingar og að þeir geti að sama skapi veitt viðunandi upplýsingar um hagi og bakgrunn barnsins, verður fyrst hægt að segja að allir eigi sömu möguleika til þátttöku í leikskólastarfinu. Þar af leiðandi ættu leikskólarnir ávallt að kalla til túlk í fyrsta viðtali ef einhver vafi er um tungumálakunnáttu foreldranna. Stundum er gripið til enskunnar í viðtölum við erlenda foreldra þrátt fyrir að í mörgum tilfellum eigi hvorki þeir né kennararnir hana að móðurmáli. Orðaforðinn getur því verið af skornum skammti og framburður ef til vill þannig að erfitt getur verið að skilja við hvað er átt. Það gefur því auga leið að færni til að tjá sig á öðru tungumáli en móðurmáli þarf að vera mikil svo ekki verði úr misskilningur.

Stjórnendur nefndu sem ástæðu þess að foreldrar vildu ekki túlk, að þeim væri ekki sama hver túlkaði. Túlkurinn væri ef til samlandi þeirra og vildu þeir ekki blanda honum í fjölskyldumál. Ástæðurnar geta hugsanlega verið fleiri og velti ég því fyrir mér hvort foreldrum gæti fundist það óþarfa umstang og óttist jafnvel að vera byrði á leikskólanum. Því verður ekki svarað hér en gæti verið efni í aðra rannsóknarspurningu.

Við úrvinnslu viðtalanna sóttu að mér gagnrýnar hugsanir um hvort eitthvað hafi haft áhrif á svörin sem foreldrarnir gáfu mér. Ástæðan er sú að ég hafði ekki

---

<sup>109</sup> Sjá kafla 1

<sup>110</sup> Trumbull o.fl. 2001:31

<sup>111</sup> Hanna Ragnarsdóttir 2007:264

gert ráð fyrir að þeir væru eins jákvæðir í garð leikskólanna og raun bar vitni. Átti ég von á að kröfur þeirra væru meiri eins og um túlkajónustu. Því velti ég fyrir mér hvort um tungumálaörðugleika hafi verið að ræða, í einhverjum tilvikum, sem gerði það verkum að sumir hverjir hafi ekki tjáð sig nægjanlega. Báru þeir nægjanlegt traust til mín til að segja það sem þeim bjó í brjósti? Sannarlega vona ég að svo hafi verið og að vangaveltur mínar hafi ekki verið á rökum byggðar.



## Heimildaskrá

### Ritaðar heimildir

*Aðalnámskrá leikskóla*. 1999. Reykjavík, menntamálaráðuneytið.

Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir. 2006. Samstarf í leikskólum við foreldra barna af erlendum uppruna. *Uppeldi og menntun* 15,2:31–47.

Banks, James A. og Cherry A. McGee Banks. 2005. *Multicultural education: Issues and perspectives*. 5. útgáfa. New Jersey, John Wiley & Sons, Inc.

Bove, Chiara. 2001. Inserimento: A strategy for delicately beginning relationships and communications. *Bambini: The Italian approach to infant/toddler care* (ritstj. Lella Gandini og Carolyn Pope Edwards), bls. 109–123. New York, Teachers College Press.

Brooker, Liz. 2002. *Starting school: Young children learning cultures*. Buckingham, Open University Press.

Cohen, Lynn E. 1997. How I developed my kindergarten book backpack program. *Young children* 52,2:69–71.

Eggen, Paul og Don Kauchak. 2004. *Educational psychology: Windows on classrooms*. 6. útgáfa. New Jersey, Pearson/ Merrill Prentice Hall.

Félag leikskólakennara og Kennarasamband Íslands. 2008. *Skólastefna fyrir leikskóla*. Sótt á Netið 17. mars 2008 á slóðina <http://fl.ki.is/pages/874>

Fríða Bjarney Jónsdóttir og Anna Margrét Þorláksdóttir. [Án árs]a. *Fjölmennung í leikskólum, enginn eins en allir með! Að byrja í leikskóla*. Sótt á Netið 3. mars 2008 á slóðina [http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-2332/4197\\_view-51/](http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-2332/4197_view-51/)

Fríða Bjarney Jónsdóttir og Anna Margrét Þorláksdóttir. [Án árs]b. *Fjölmennung í leikskólum, enginn eins en allir með! Aðlögun*. Sótt á Netið 3. mars 2008 á slóðina [http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-2332/4197\\_view-70/](http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-2332/4197_view-70/).

Fríða Bjarney Jónsdóttir og Annar Margrét Þorláksdóttir. [Án árs]c. *Fjölmennung í leikskólum, enginn eins en allir með! Fyrsta viðtal*. Sótt á netið 14. mars 2008 á slóðina [http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-2332/4197\\_view-67/](http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-2332/4197_view-67/)

- Fríða Bjarney Jónsdóttir og Anna Margrét Þorláksdóttir. [Án árs]d. *Fjölmennning í leikskólum, enginn eins en allir með! Lykilpersóna*. Sótt á Netið 3. apríl 2008 á slóðina [http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-2332/4197\\_view-71/](http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-2332/4197_view-71/)
- Guðrún Alda Harðardóttir og Sigríður Síta Pétursdóttir. 2006. *Lengi býr að fyrstu gerð: Kennsluleiðbeiningar fyrir leikskólustarf með 1–3 ára börnum*. Akureyri, Háskólinn á Akureyri.
- Guðrún Kristinsdóttir. 1998. *Ótroðnar slóðir: Leiðbeiningar um þróunarstarf*. Reykjavík, Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Guðrún Pétursdóttir. 1999. *Fjölmennningarleg kennsla: Forvörn gegn kynþáttahatri og fordómum*. Reykjavík, Guðrún Pétursdóttir.
- Guðrún Pétursdóttir. 2003. *Allir geta eitthvað, enginn getur allt: Fjölmennningarleg kennsla frá leikskóla til framhaldsskóla*. Reykjavík, Hólar.
- Hagstofa Íslands. 2003a. *Mannfjöldi eftir sveitarfélagi, kyni og aldri 1. desember 1993*. Sótt á Netið 2. apríl 2008 á slóðina <http://hagstofa.is/Hagtolar/Mannfjoldi/Sveitarfelog>
- Hagstofa Íslands. 2003b. *Mannfjöldi eftir sveitarfélagi, kyni og aldri 1. desember 1994*. Sótt á Netið 2. apríl 2008 á slóðina <http://hagstofa.is/Hagtolar/Mannfjoldi/Sveitarfelog>
- Hagstofa Íslands. 2007. *Börn í leikskólum með erlent móðurmál eftir aldri og kyni 1998–2006*. Sótt á Netið 3. mars 2008 á slóðina <http://hagstofa.is/Hagtolar/Skolamal/Leikskolar>
- Hagstofa Íslands. 2008a. *Hlutfall erlendra ríkisborgara af mannfjölda 1950–2008*. Sótt á Netið 12. mars 2008 á slóðina <http://hagstofa.is/Hagtolar/Mannfjoldi/Rikisfang-Faedingarland>
- Hagstofa Íslands. 2008b. *Mannfjöldi eftir kyni, sveitarfélagi og ríkisfangi 1. janúar 1998–2008*. Sótt á Netið 12. mars á slóðina <http://hagstofa.is/Hagtolar/Mannfjoldi/Sveitarfelog>
- Hagstofa Íslands. 2008c. *Mannfjöldi eftir byggðarkjörnum, kyni og aldri 1. janúar 1998–2008*. Sótt á Netið 2. apríl 2008 á slóðina <http://hagstofa.is/Hagtolar/Mannfjoldi/Byggdakjarnar,-postnumer.-hverfi>

- Hagstofa Íslands. 2008d. *Mannfjöldi eftir sveitarfélagi, kyni og aldri 1. janúar 1998–2008*. Sótt á Netið 2. apríl 2008 á slóðina <http://hagstofa.is/Hagtolar/Mannfjoldi/Sveitarfelog>
- Hagstofa Íslands. 2008e. *Mannfjöldi eftir ríkisfangslandi 1982–2008*. Sótt á Netið 3. apríl 2008 á slóðina <http://hagstofa.is/Hagtolar/Mannfjoldi/Rikisfang-Faedingarland>
- Hanna Ragnarsdóttir. 2002. Markvisst leikskólastarf í fjölmennningarlegu samfélagi. *Uppeldi og menntun* 11:51–79.
- Hanna Ragnarsdóttir. 2004. Vilji og væntingar: Rannsókn á áhrifaþáttum í skólagöngu erlendra barna á Íslandi. *Uppeldi og menntun* 13,1:91–110.
- Hanna Ragnarsdóttir. 2007. Börn og fjölskyldur í fjölmennningarlegu samfélagi og skólum. *Fjölmennning á Íslandi* (ritstj. Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson), bls. 249–270. Reykjavík, Háskólaútgáfan.
- Helga Jónsdóttir. 2003. Viðtöl sem gagnasöfnunaraðferð. *Handbók í aðferðafræði og rannsóknnum í heilbrigðisvísindum* (ritstj. Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson), bls. 67–84. Akureyri, Háskólinn á Akureyri.
- Hernández, Hilda. 2001. *Multicultural education: A teacher's guide to linking context, process, and content*. 2. útgáfa. New Jersey, Merrill Prentice Hall.
- Ingibjörg Bryndís Hilmarsdóttir. 1999. *Að byggja brú*. Kennaraháskóli Íslands. [Ópr. diplómaritgerð í sérkennslufræðum].
- Íslensk orðabók*. 2002. Ritstjóri Mörður Árnason. 3. útgáfa. Reykjavík, Edda.
- Lög um leikskóla nr.78/1994*.
- Menntamálaráðuneytið. 2005. *Skýrsla nefndar um aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi*. Reykjavík, menntamálaráðuneytið.
- Millam, Rosalind. 2002. *Anti-discriminatory practice: A guide for workers in childcare and education*. 2. útgáfa. London, Continuum.
- Rahm, Tomas og Gunlög Wall. 1993. *Forældresamtaler: I daginstitutioner [og] børnehaveklasser, m.fl.* Kaupmannahöfn, Børn og Unge.

- Rannveig Þórisdóttir, Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir og Jón Gunnar Bernburg. 1997. *Aðlögun Íslendinga af erlendum uppruna og stefnumótun í málefnum þeirra*. Reykjavík, Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.
- Reykjanesbær. [Án árs]a. *Saga*. Sótt á Netið 2. apríl 2008 á slóðina [http://rnb.is/displayer.asp?cat\\_id=49](http://rnb.is/displayer.asp?cat_id=49)
- Reykjanesbær. [Án árs]b. *Um Reykjanesbæ*. Sótt á Netið 2. apríl 2008 á slóðina [http://rnb.is/displayer.asp?cat\\_id=4](http://rnb.is/displayer.asp?cat_id=4)
- Reykjanesbær. 2004. *Fjölmenningarstefna Reykjanesbæjar*. Sótt á Netið 28. febrúar 2008 á slóðina [http://rnb.is/default.asp?cat\\_id=569](http://rnb.is/default.asp?cat_id=569)
- Reykjanesbær. 2007a. *Fjölmennung í Reykjanesbæ: Fjallað um jólahald í Bókasafni Reykjanesbæjar*. Sótt á Netið 2. apríl 2008 á slóðina [http://rnb.is/news\\_all.asp?cat\\_id=14&archive=true&batch=34](http://rnb.is/news_all.asp?cat_id=14&archive=true&batch=34)
- Reykjanesbær. 2007b. *Fyrstu skrefin eru komin út á tíu tungumálum*. Sótt á Netið 2. apríl 2008 á slóðina [http://rnb.is/displayer.asp?cat\\_id=14&module\\_id=220&element\\_id=7103](http://rnb.is/displayer.asp?cat_id=14&module_id=220&element_id=7103)
- Reykjanesbær. 2008a. *Bæjarstjóri heldur íbúafund með pólskum íbúum Reykjanesbæjar*. Sótt á Netið 2. apríl 2008 á slóðina [http://rnb.is/news\\_all.asp?cat\\_id=14&archive=true&batch=3](http://rnb.is/news_all.asp?cat_id=14&archive=true&batch=3)
- Reykjanesbær. 2008b. *Erlingskvöld helgað pólskri menningu*. Sótt á Netið 2. apríl 2008 á slóðina [http://rnb.is/news\\_all.asp?cat\\_id=14&archive=true&batch=4](http://rnb.is/news_all.asp?cat_id=14&archive=true&batch=4)
- Reykjanesbær. 2008c. *Reykjanesbær hlýtur styrk úr þróunarsjóði innflytjendamála*. Sótt á Netið 2. apríl á slóðina [http://rnb.is/news\\_all.asp?cat\\_id=14&archive=true&batch=20](http://rnb.is/news_all.asp?cat_id=14&archive=true&batch=20)
- Robinson, Kerry H. og Criss Jones Díaz. 2006. *Diversity and difference in early childhood education: Issues for theory and practice*. Berkshire, Open University Press.
- Sigurlína Davíðsdóttir. 2003. Eigindlegar eða megindlegar rannsóknaraðferðir? *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (ritstj. Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson), bls. 219–235. Akureyri, Háskólinn á Akureyri.
- Smidt, Sandra. 2007. *A guide to early years practice*. 3. útgáfa. London, Routledge.

Trumbull, Elise, Carrie Rothstein–Fisch, Patricia M. Greenfield og Blanca Quiroz. 2001. *Bridging cultures between home and school: A guide for teachers: With a special focus on immigrant latino families*. Mahwah, New Jersey, Lawrence Erlbaum Associates.

Unnur Dís Skaptadóttir. 2004. Fjölmennning á ferð og flugi. *Rannsóknir í félagsvísindum V* (ritstj. Friðrik H. Jónsson), bls. 585–592. Reykjavík, Háskólaútgáfan.

Workman, Susan H. og Jim A. Gage. 1997. Family–school partnerships: A family strengths–approach. *Young children* 52,4:10–13.

## **Viðtöl**

Árný Steindóra Steindórsdóttir og Guðrún Jóna Thorarensen leikskólastjórar Vallar. 2008. Viðtal um fjölda erlendra barna í leikskólanum, tekið 7. apríl.

Brynja Aðalbergisdóttir leikskólastjóri Vesturbergs. 2008. Viðtal um fjölda erlendra barna í leikskólanum, tekið 27. mars.

Brynja Vermundsdóttir sérkennslustjóri Gimli. 2008. Viðtal um fjölda erlendra barna, tekið 13. mars.

Dröfn Rafnsdóttir kennsluráðgjafi Reykjanesbæjar. 2008. Viðtal um fjölmenningsstefnu Reykjanesbæjar, tekið 6. mars.

Helga Andrésdóttir sérkennslustjóri leikskólans Akurs. 2008. Viðtal um fjölda erlendra barna í leikskólanum, tekið 4. apríl.

Ingibjörg Guðjónsdóttir leikskólastjóri Garðasels. 2008. Viðtal um fjölda erlendra barna í leikskólanum, tekið 3. apríl.

Ingibjörg Bryndís Hilmarsdóttir sérkennslufulltrúi Reykjanesbæjar. 2008. Viðtal um fjölmenningu í leikskólum Reykjanesbæjar, tekið 6. mars.

Kolbrún Sigurðardóttir leikskólastjóri Heiðarsels. 2008. Viðtal um fjölda erlendra barna í leikskólanum, tekið 4. apríl.

Kristín Helgadóttir leikskólastjóri Holts. 2008. Viðtal um fjölda erlendra barna í leikskólanum, tekið 3. apríl.

Ólöf Sverrisdóttir leikskólastjóri Hjallatúns. 2008. Viðtal um fjölda erlendra barna í leikskólanum, tekið 14. mars.

Ragnildur Sigurðardóttir aðstoðarleikskólastjóri Tjarnarsels. 2008. Viðtal um fjölda erlendra barna í leikskólanum, tekið 4. apríl.

Viðtöl við ónafngreinda foreldra erlendra barna í leikskólum Reykjanesbæjar. 2008. Tekin í mars.

Viðtöl við ónafngreinda stjórnendur í leikskólum Reykjanesbæjar. 2008. Tekin í mars og apríl.